



DALABYGGÐ

Aðalskipulag 2004-2016

SKIPULAGSTILLAGA



2. desember 2008

D A L A B Y G G Ð

Aðalskipulag 2004-2016



LANDMÓTUN®

**Gísli Gíslason
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir**

D A L A B Y G G Þ

Aðalskipulag 2004-2016

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann 2008.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum þann 2008

Aðalskipulag Dalabyggðar var staðfest af umhverfisráðherra þann 2008 .

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

EFNISYFIRLIT

1.0	SKIPULAGSÁÆTLUN	11
1.1	INNGANGUR	11
1.2	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	11
1.3	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	12
1.4	BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI DALABYGGÐAR OG AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLU OG AÐALSKIPULAGI BÚÐARDALS FRÁ 1969	12
1.5.	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI LAUGA Í SÆLINGSDAL	13
1.6	SAMRÁÐ	13
1.6.1	<i>Samráð við íbúa og hagsmunaaðila</i>	<i>14</i>
1.6.2	<i>Samráð við stofnanir og fyrirtæki</i>	<i>14</i>
1.7	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	15
1.8	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	20
1.8.1	<i>Uppdrættir</i>	<i>20</i>
1.8.2	<i>Landamerki</i>	<i>20</i>
2.0	UMHVERFISSKÝRSLA	20
2.3	TENGL AÐALSKIPULAGS VIÐ STAÐARDAGSKRÁ 21	20
2.4	TILGANGUR UMHVERFISMATS.....	21
2.5	SAMRÁÐ OG KYNNING	22
2.6	AÐFERÐIR OG FRAMSETNING UMHVERFISMATSSKÝRSLU	22
2.7	UMFJÓLLUN UM VALKOSTI.....	24
2.8	UMHVERFISMAT.....	24
2.8.1	<i>Markmið fyrir frístundabyggð</i>	<i>25</i>
2.8.2	<i>Markmið fyrir landbúnaðarsvæði</i>	<i>27</i>
2.8.3	<i>Stefnumið fyrir samgöngur</i>	<i>31</i>
2.8.4	<i>Markmið fyrir iðnaðarsvæði</i>	<i>33</i>
2.9	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	35
2.10	HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNUNNAR.....	35
2.11	MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	36
2.11.1	<i>Matskyldar framkvæmdir í Dalabyggð</i>	<i>37</i>
3.0	LÝSING AÐALSKIPULAGS.....	38
3.1	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS	38
3.2	LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI.....	39
3.2.1	<i>Íbúðarsvæði</i>	<i>39</i>
3.2.2	<i>Svæði fyrir þjónustustofnanir</i>	<i>40</i>
3.2.2	<i>Svæði fyrir þjónustustofnanir</i>	<i>40</i>
3.2.3	<i>Verslunar- og þjónustusvæði</i>	<i>41</i>
3.2.4	<i>Iðnaðarsvæði</i>	<i>42</i>
3.2.5	<i>Hafnarsvæði</i>	<i>43</i>

3.2.6	<i>Efnistökusvæði</i>	44
3.2.7	<i>Sorpförgunarsvæði</i>	49
3.2.8	<i>Svæði fyrir fristundabyggð</i>	50
3.2.9	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i>	53
3.2.10	<i>Landbúnaðarsvæði</i>	54
3.2.11	<i>Vötn, ár og sjór</i>	56
3.3	VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ.....	56
3.3.1	<i>Náttúruverndarsvæði</i>	56
3.3.2	<i>Þjóðminjaverndarsvæði</i>	59
3.3.3	<i>Verndarsvæði vegna neysluvatns</i>	63
3.3.4	<i>Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns</i>	64
3.3.5	<i>Hverfisverndarsvæði</i>	65
3.3.6	<i>Svæði undir náttúruvá</i>	68
3.4	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	70
3.4.1	<i>Vegir</i>	70
3.4.2	<i>Flugvellir</i>	72
3.4.3	<i>Reiðstigar</i>	72
3.4.4	<i>Göngustigar</i>	73
3.4.5	<i>Vatnsveita</i>	73
3.4.6	<i>Hitaveita</i>	73
3.4.7	<i>Fráveita</i>	74
3.4.8	<i>Rafveita</i>	74
3.4.9	<i>Fjarskipti</i>	75
4.	ÞÉTTBÝLIÐ Í BÚÐARDAL	80
4.1	INNGANGUR.....	80
4.2	MEGINMARKMIÐ.....	80
4.3	ÍBÚÐARSVÆÐI.....	81
4.4	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR.....	83
4.5	MÍÐSVÆÐI (MÍÐBÆJARSVÆÐI).....	84
4.6	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI.....	85
4.7	ATHAFNASVÆÐI.....	85
4.8	IÐNAÐARSVÆÐI.....	86
4.9	FRÍSTUNDABYGGÐARSVÆÐI.....	87
4.10	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA.....	88
4.11	ÓBYGGÐ SVÆÐI.....	90
4.12	ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI.....	90
4.13	SAMGÖNGUR.....	90
4.14	VEITUR.....	92
7.	HEIMILDIR	93
	VIÐAUKAR	95

1.0 SKIPULAGSÁÆTLUN

1.1 INNGANGUR

Nú er í fyrsta skipti unnið aðalskipulag er nær til allrar Dalabyggðar. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélaganna, þ.e. til þéttbýlis í Búðardal og dreifbýlisins. Stærð sveitarfélagsins er 2421 km².

Fyrir liggur svæðisskipulag fyrir Dalasýslu og A.-Barðastrandarsýslu 1992-2012 sem nær allrar Dalasýslu og Reykhólahrepps í A.-Barðastrandarsýslu.

Í þessari greinargerð er nánari lýsing á tillöguupprætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á upprætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.

Greinargerðinni er skipt í **Forsendur** sem settar eru fram í sérhefti og **Skipulagsáætlun.**, Skipulagsáætlunin skiptist síðan í tvo meginhluta i) dreifbýli ii) þéttbýli í Búðardal.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 8. október 2005 lýstu íbúar Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps sig hlynnta því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Reykhólahreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Reykhólahrepps hafa sveitarstjórnir Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Ákveðið var að hið nýja sveitarfélag bæri nafnið Dalabyggð.

Fyrir lágu drög að aðalskipulagi fyrir Saurbæjarhrepp en þeim drögum var bætt inn í aðalskipulag Dalabyggðar sem og skeytt við í forsenduhefti fyrir aðalskipulag Dalabyggðar.

1.2 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi næstu 12 ár þ.e. tímabilið 2004-2016. Helsta markmið skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orkulinda**, einkum jarðvarma.
- Að leita hagkvæmstu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.

- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nýttjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

1.3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Ekki hefur verið unnið aðalskipulag áður fyrir dreifbýlishluta Dalabyggðar. Fyrirliggjandi er aðalskipulag frá árinu 1969 sem nær til þéttbýlis í Búðardal.

Helstu skipulagáætlanir sem liggja fyrir og eru hluti af forsendum aðalskipulagsins eru þessar:

a. Svæðisskipulag Dalasýslu og A.-Barðastrandarsýslu 1992-2012, staðfest 4. janúar 1996.

b. Aðalskipulag Búðardals, staðfest af ráðherra 1969.

c. Aðalskipulag Lauga í Sælingsdal 1990-2010, staðfest af ráðherra 1992.

d. Unnið hefur verið **deiliskipulag** fyrir fjölda jarða og jarðarparta í Dalabyggð og Saurbæjarhreppi, einkum fyrir frístundabyggð.

1.4 BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI DALABYGGÐAR OG AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLU OG AÐALSKIPULAGI BÚÐARDALS FRÁ 1969

Helstu frávik aðalskipulagstillögu fyrir Dalabyggð frá svæðisskipulagi Dalabyggðar og eru eftirfarandi:

- Nokkur ný frístundabyggðarsvæði eru tekin inn.
- Nýtt og endurskoðað reiðleiðakerfi.
- Grunnlandnotkun í allri Dalabyggð er Landbúnaðarsvæði, í svæðisskipulaginu náðu þau ekki nema að takmörkuðu leyti til fjallendisins.
- Afmörkun vatnsverndarsvæðis á Svinadal er breytt og það er minnkað.


Hér er lýst helstu breytingum sem gerðar eru frá aðalskipulagi Búðardals sem staðfest var 7. júlí 1969. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu sem snúa m.a. að vegakerfi, staðsetningu skóla og íþróttavallar, en þær fengu þó ekki skipulagslega meðferð. Fremur lítið uppbygging hefur verið í Búðardal hin síðari ár og hefur byggðin verið að þéttast við þær götur sem voru byggðar eftir að þéttbýlismyndun hófst í Búðardal fyrir um hálfri öld síðan.

Vega- og gatnakerfi

Vegakerfið er í megindrátum í samræmi við eldra skipulag, en samfara þróun byggðar til suðurs er gert ráð fyrir lengingu Bakkahvamms til suðurs og nýrri tengingu við Vesturbraut.

Íbúðarsvæði

Gert er ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum sunnan Brekkuhvamms og einnig norðan Silfurtúns.



Mynd 2.1. Aðalskipulag Lauga í Sælingsdal

Iðnaðarsvæði

Gert er ráð fyrir nýjum iðnaðarsvæðum við Vesturbraut í framhaldi af núverandi iðnaðarstarfsemi.

Opin svæði til sérstakra nota

Gert er ráð fyrir nýju hesthúsasvæði vestan Vesturbrautar og tjaldsvæði með útleiguhúsum á Fjósatúni.

1.5. BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI LAUGA Í SÆLINGSDAL

Í gildi er aðalskipulag fyrir Laugar fyrir tímabilið 1990-2010. Skipulagið er óbreytt að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi að Laugum. Gert er ráð fyrir að jarðhiti á svæðinu verði nýttur til upphitunar sumarhúsa og hefur verið deiliskipulag frístundabyggðarsvæði að Laugum sem er í samræmi við aðalskipulagið. Ennfremur er gert ráð fyrir að frístundabyggð í Sælingsdalstungu njóti jarðhita frá Laugum

1.6 SAMRÁÐ

Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2. Helstu Umsagnaraðilar eru eftirfarandi, athuga skal að listinn er ekki tæmandi:

Sveitarfélagið Reykhólahreppur, Bæjarhreppur Borgarbyggð Eyja- og Miklaholtshreppur Strandabyggð Helgafellssveit Landeigendur Nefndir og stofnanir sveitarfélagsins Landbúnaðarráðuneyti Flugmálastjórn	Breiðafjarðarnefnd Heilbrigðiseftirlit Vesturlands Skipulagsstofnun Fornleifavernd ríkisins Siglingastofnun Íslands Vegagerðin Veðurstofa Íslands Skipulagsnefnd Kirkjugarða Ferðamálaráð Íslands Umhverfisstofnun
--	---

1.6.1 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Skipulagsstofnun hafði þegar veitt heimild til að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi fyrir Dalabyggð með bréfi dags. 12. apríl 2006 en vegna sameiningar Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps og gildistöku laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var tillagan aftur send til umsagnaraðila í apríl 2008.

Kynning og samráð hefur verið með þeim hætti:

- Haldnir voru fundir með helstu hagsmunaaðilum í Dalabyggð í október 2003.
- Í október 2003 var haldinn fundur með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu í tengslum við kortlagningu á möguleikum á sviði ferðamála og útivistar. Samstarfsaðili Landmótunar á þessu sviði er Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- 11. febrúar 2004 fundur með stýrihópi um aðalskipulag
- Þann 5. maí 2004 var haldinn opinn íbúafundur í Búðardal þar sem vinna við aðalskipulagið var kynnt og boðið. upp á samráð við íbúa og kynnt hvernig umhverfismati yrði háttað skv. eldri lögum.
- 26-27 október 2004 með skipulagsfulltrúa og sveitarstjórn.
- Almennur íbúafundur þar sem fyrstu drög að tillögu voru kynnt var haldinn 1. febrúar 2006 og í desember 2006 og í kjölfarið var umsagnaraðilum send tillaga til umsagnar.
- Kynningarfundir fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórnnum voru haldnir 12. september 2006 og 15. nóvember 2006.
- Samráð var haft við Skipulagsstofnun um gerð umhverfisskýrslu, efni og innihald umhverfisskýrslunnar.
- Íbúafundur var haldinn 27. júní 2007 þar sem aðalskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu var kynnt fyrir íbúum.
- Tillaga ásamt umhverfisskýrslu send til umsagnaraðila í apríl 2008.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 8. október 2005 lýstu íbúar Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps sig hlynnta því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Reykhólahreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Reykhólahrepps hafa sveitarstjórnir Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Sameining var svo staðfest þann 20. mars 2006. Ákveðið var að hið nýja sveitarfélag bæri nafnið Dalabyggð. Fyrir lágu drög að aðalskipulagi fyrir Saurbæjarhrepp en þeim drögum var bætt inn í aðalskipulag Dalabyggðar sem og skeytt við í forsenduhefti fyrir aðalskipulag Dalabyggðar.

1.6.2 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

A. Landbúnaðarsvæði. Samráð við Landbúnaðarráðuneytið varðandi afmörkun og skilgreiningu landbúnaðarsvæða. Haft hefur verið samráð við og Vesturlandsskóga varðandi landgræðslu og skógrækt á landbúnaðarsvæðum. Tillagan var send til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.

- B. Vegir og reiðleiðir.** Haldnir hafa verið samráðsfundir með Vegagerðinni á Vesturlandi varðandi vegamál, einkum hvað varðar nýlagnir vega. Tillagan var send Vegagerðinni til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- C. Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja.** Leitað var til Umhverfisstofnunar varðandi afmörkun Tillagan var send til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- D. Fornminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna fornminja.** Tillagan var send til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- E. Efnistökusvæði.** Leitað var til Vegagerðarinnar vegna upplýsinga um efnistökusvæði. Farið var ítarlega með þeim sem til þekkja í sveitarfélaginu um fjölda og staðsetningu efnistökusvæða. Tillagan var send til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- F. Veitur.** Haft hefur verið samráð við RARIK og Landsnets vegna rafveitna. Tillagan var send til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- G. Samráð við nágrannasveitarfélög.** Haft var samráð við nágrannasveitarfélög varðandi landnotkun á mörkum sveitarfélaganna. Tillagan var send nágrannasveitarfélögunum til umsagnar í nóvember 2006 og í apríl 2008.
- Hestamannafélög.** Haft var náð samráð við Hestamannafélagið Gláð um reiðleiðir á svæðinu.
- H. Breiðafjarðarnefnd.** Samráð var haft við Breiðafjarðarnefnd vegna laga um vernd Breiðafjarðar og málefni sem snerta nefndina. Tillagan var send nefndinni í nóvember 2006 og aftur í apríl 2008.

1.7 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Aðalskipulagið var auglýst til sýnis á skrifstofu Dalabyggðar og hjá Skipulagsstofnun frá 25. ágúst til 7. október 2008. Meðfylgjandi auglýsing birtist í Lögbirtingarblaðinu Bæjarins Besta, Morgunblaðinu, heimasíðu Dalabyggðar og Landmótunar sf.

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Skipulagsupprættir, greinargerð, umhverfisskýrsla og skýringarupprættir liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, frá 25. ágúst til 7. október 2008. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalabyggd.is, og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Athugasemdum skal skila skriflegum til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardalur, merkt aðalskipulag, fyrir 7. október 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni. Samtímis er auglýst tillaga að niðurfellingu Svæðisskipulags Dalasýslu.

Alls bárust 10 athugasemdir sem flestar tengdust reiðvegum innan sveitarfélagsins, athugasemd barst frá Vegagerðinni varðandi efnistökusvæði. Orðið var við flestum athugasemdum. Eftirfarandi eru svör sveitarstjórnar sem afgreiddar voru á fundi sveitarstjórnar þann 2. desember:

1. Bæring Ingvarsson, Þorbergsstaðir, 371 Búðardalur.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest. Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Erpsstaða.

Svar: Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.

Athugasemd: Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Þorbergsstaða.

Svar: Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.

2. Jóhann Ágúst Guðlaugsson, Sunnubraut 21, 370 Búðardalur.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest. Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Erpsstaða.

Svar: Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.

Athugasemd: Það vantar að náma í landi Gunnarsstaða sé merkt inn á aðalskipulag Dalabyggðar.

Svar: Tekið er undir athugasemd og verður hún sett inn á aðalskipulagið.

3. Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, Borgarbraut 66, 310 Borgarnes.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á sem barst frá Vegagerðinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Nefndin samþykkir að setja inn nýjar námur í Laxárdal þ.e.

- *Náma A, laust efni, í landi Höskuldsstaða.*
- *Náma B, laust efni, í landi Leiðólfsstaða.*
- *Náma C, berg, í landi Leiðólfsstaða.*

4. Guðmundur Flosi Guðmundsson, Emmuberg, 371 Búðardalur, 5. otkóber 2008.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Erpsstaða.

Svar: Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.

Liður 5: Lagt er til að reiðleið verði breytt og færð að þjóðvegi frá Gunnarsstöðum að Bíldhóli í stað þess að þvera land Hólmláturs og Emmubergs.

*Einnig er lagt til að í lið 3.4.3, á bls. 67 í Skipulagstillögu, verði texta breytt á eftirfarandi hátt:
Leiðir:*

Áfram verði unnið að því að færa reiðleiðir frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.

Samþykkt í einu hljóði.

5. Böðvar Bjarki Magnússon, Hrútsstaðir, 371 Búðardalur, 5. október 2008.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Erpsstaða.

Svar: Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.

Lagt er til að reiðleið verði breytt og færð með ströndinni frá Laxárósi í Lækjarskógsfjörur í stað þess að fara yfir Kambsnes.

Samþykkt með 6 atvæðum – 1 sat hjá.

Einnig er lagt til að í lið 3.4.3, á bls. 67 í Skipulagstillögu, verði texta breytt á eftirfarandi hátt:

Leiðir: Áfram verði unnið að því að færa reiðleiðir frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.

Samþykkt í einu hljóði

6. Þorgrímur E. Guðbjartsson, Erpsstaðir, 371 Búðardalur.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: *Að bæta inn á aðalskipulag frístundarbyggð í landi Erpsstaða.*

Svar: *Um er að ræða talsvert mikla breytingu frá áður auglýstri tillögu og vill nefndin að frístundarsvæðið verði ekki sett inn á auglýst aðalskipulag, heldur verði endurskoðaðar þegar breyting verði gerð á aðalskipulagi.*

7. Finnbogi Harðarson, Sauðafell, 371 Búðardalur.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Tvær frístundabyggðir eru fyrirhugaðar í landi Sauðafells, á uppdrættinum er F15 og F13 á röngum stöðum. F15 á að vera í Tungunni milli Tunguár og Miðár ca. 400m frá ármótunum uppi í holtunum.

F13 á að vera á eyrinni gengt Kolstöðum, Sauðafellsmegin ár þar sem 2 sumarhús eru núna.

Í landi Sauðafells fram á Suðurárdal er malarháma við Brúnkollugil, nú eru þar malarhaugar, það er óskað eftir að hún verði merkt inn á skipulagið.

Tekið er undir athugasemd F15 og verður lagfærð á aðalskipulagi.

Merkja inn malarámu við Brúnkollugil í Suðurárdal.

Tekið undir athugasemd og setja skal námu inn á aðalskipulag.

Ábendingar:

Varðandi brunavarnir þá veit ég ekki til að dætur séu staðsettar utan Búðardals, en dæla var staðsett í Króksfjarðarnesi.

Fjöldi dvalar og hjúkrunarrýma á Fellsenda þarf að uppfæra.

Reiðleið fram Reykjadal og ofan í Sanddal kemur á röngum stað ofan í Sanddal á uppdrættinum.

Ekki sást reiðleið úr Saurbæ og vestur fyrir Gilsfjörð en aðalskipulag þarf að sýna helstu reiðleiðir milli héraða.

Tekið undir ábendingar og gerð breyting á texta í greinagerð.**8. Jörundur Hákonarson, Fjósar, 370 Búðardalur, 2. október 2008.**

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

1. Tekið er undir athugasemd og verður svæði afmarkað sem íbúðarsvæði á aðalskipulagsupprætti.
2. Á aðalskipulagsupprætti er gert grein fyrir stofnstigakerfi gönguleiða. Ekki eru sýndar tengingar við einstök svæði.

9. Fjóla Benediktsdóttir, Álfheimar, 371 Búðardalur, 25. september 2008,

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Athugasemd: Vegna reiðleiðar nr. 26. sem sýnd er sem meginreiðleið í aðalskipulagi.

Tekið er undir athugasemd og verður reiðleið 26 tekin út úr aðalskipulagi.

10. Sigursteinn Hjartarson, Neðri-Hundadalur, 371 Búðardalur, 30. september 2008.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 2. desember sl. var afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, sem samþykkt var á fundi þann 18. nóvember sl., á athugasemd þinni við skipulagstillögu um Aðalskipulag Dalabyggðar frá 2004 til 2016 staðfest.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

Leiðin var í aðalskipulagsdrögum en var ekki í auglýstu aðalskipulagi. Leiðin hefur verið tekin út úr aðalskipulagi.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar mun nú óskað eftir því að aðalskipulag Dalabyggðar fái skipulagslega meðferð og að Skipulagsstofnun afgreiði skipulagið til staðfestingar umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

1.8 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000. Kortagrunnur af Búðardal (og umhverfi Lauga í Sælingsdal) er unninn eftir loftmyndum Loftmynda ehf.

1.8.1 Uppdrættir

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

Nr. 1. Sveitarfélagsuppdráttur af Dalabyggð mkv. 1:100.000.

Nr. 2. Þéttbýlisuppdráttur af Búðardal, mkv. 1:10.000.

Eftirfarandi skýringauppdættir í mkv.1:200.000, sem eru ætlaðir til skýringar, eru felldir inn [kafla 5.6](#).

- I. Landbúnaður og skógrækt.
- II. Ferðapjónusta og frístundabyggð.
- III. Samgöngur.
- IV. Reiðleiðir.

Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli þemauppdráttar og skipulagsuppdráttar.

1.8.2 Landamerki

Fyrir liggja grófar upplýsingar um landamerki einstakra jarða í Dalabyggð og eru þau sýnd á skipulagsuppdrætti til upplýsingar. Landamerki voru unnin RALA. Landamerki eru víða óviss og/eða ófullnægjandi.

2.0 UMHVERFISSKÝRSLA

Hér er lýst breytingum á gildandi skipulagsáætlanir í Dalabyggð og dregin saman helstu umhverfisáhrif skipulagstillögunnar.

2.3 TENGLA AÐALSKIPULAGS VIÐ STAÐARDAGSKRÁ 21

Með Ríó-yfirlýsingunni frá 1992, sem Ísland er aðili að, voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur er varða samskipti manns og umhverfis, er stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun er sú þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða. Í Ríó-yfirlýsingunni voru settar fram fjórar meginreglur sem styrkja ættu stoðir sjálfbærrar þróunar, réttindayfirlýsingar, varúðarreglan, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Með yfirlýsingunni voru þær skyldur lagðar á herðar ríkisstjórn að vinna að eigin framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) í umhverfismálum sem skylda síðan sveitarstjórnir að vinna að staðbundinni framkvæmdaáætlun sem nefnd er Staðardagskrá 21.

Ríó-yfirlýsingin segir til um að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Hver einstaklingur á rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála sem og ákvarðanatöku er varða nánasta umhverfi hans.. Réttur til þróunar skal vera með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða.

Varúðarreglan kveður á um að ekki skuli ráðast í framkvæmd sem kann að hafa alvarleg áhrif á umhverfið nema að sýnt sé fram á að hún hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan kveður á að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur á þeim skaða sem þeir valda.

Nytjagreiðslureglan kveður á um að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir til ágóða og ánægju greiði kostnað sem til fellur við stjórn, viðhald og vermdun auðlindanna.

Í Dagskrá 21 eru nefndar 5 megináherslur sem skulu vera ráðandi við stefnumörkun og ákvarðanatöku um þróun byggðar og samfélags sem stuðli að sjálfbærri þróun. Í aðalskipulagsgerð er hægt að styðjast við þessar áherslur.¹

- Heildarsýn og þverfagleg nálgun.
- Virk þátttaka íbúa.
- Vistkerfisnálgun.
- Hnatræn sýn.
- Langtímasýn.

Dalabyggð vinnur nú að gerð Staðardagskrár 21. Viðfangsefni og ferli aðalskipulags og Staðardagskrár geta oft skarast þegar unnið er að skilgreiningu viðfangsefna og vandamála og setningu markmiða. Í framfylgd stefnunnar með framkvæmdaáætlunum skiljast leiðir, því ekki er gert ráð fyrir að nákvæm framkvæmdaáætlun sé hluti af aðalskipulagi. Staðardagskrá nýttist síðan sem liður í því að framfylgja stefnu aðalskipulags.²

2.4 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að framfylgja lögum um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana 105/2006 og skipulags- og byggingarlög 73/1997 en samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skal leggja mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags og einstakra stefnumiða aðalskipulags, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Tilgangur umhverfismats er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum áhrifum áætlunarinnar á umhverfið og stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við tillögugerðina.

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horfa skal á hvaða stefnumið það eru sem vert þykir að meta m.t.t. til umhverfisáhrifa en þá eru þau atriði tekin sem talin hafa mest áhrif á umhverfið eða önnur stefnumið þar sem óbein áhrif eða samlegðaráhrif með öðrum stefnumiðum geta haft veruleg áhrif á umhverfið.

Ákveða þarf hvaða umhverfisþættir eru notaðir og var leiðbeiningarskjal Skipulagsstofnunar (Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana heildardrög 2) haft til hliðsjónar um val á umhverfisþáttum sem og hvaða viðmið voru lögð til grundvallar á umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

¹ Skipulagsstofnun, 2003, Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

² Sama

Þegar lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunnar getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, leiði umhverfismatið í ljós óæskileg umhverfisáhrif tiltekinna stefnumiða.

2.5 SAMRÁÐ OG KYNNING

Sjá kafla 1.4.

2.6 AÐFERÐIR OG FRAMSETNING UMHVRFISMATSSKÝRSLU

Umfang umhverfismats

Í umhverfisskýrslu vegna breytinga á aðalskipulagi Dalabyggðar og fyrrum Saurbæjarhrepps 2004-2016 verða metin áhrif nokkurra markmiða. Einstök markmið voru valin með tilliti til þess hvar gert er ráð fyrir mestum vexti í sveitarfélaginu og þar með hvar búast má við mestum áhrifum á umhverfið. Markmiðin eru eftirfarandi:

1. Markmið fyrir samgöngur
2. Markmið fyrir frístundabyggðasvæði.
3. Markmið fyrir landbúnaðarsvæði.
4. Markmið fyrir iðnaðarsvæði.

Umhverfisþættir

Með hugtakinu umhverfisþáttur er átt við tiltekna þætti, s.s. gróðurfar eða landslag, sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagstillögu og taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulaginu. Í upphafi umhverfismats þarf að ákveða hvaða umhverfisþættir verða lagðir til grundvallar við umhverfismat aðalskipulagstillögu hverju sinni, að teknu tilliti til viðfangsefna aðalskipulags og aðstæðna í sveitarfélaginu. Í umhverfismati er, auk áhrifa á náttúrufar, einnig litið til áhrifa á samfélag og efnahag.

Hér að neðan eru taldir upp þeir sem taldir eru að helst verði fyrir áhrifum vegna gerð aðalskipulagsins..

- Hagræni og félagslegir þættir
- Náttúrfarslegir
- Heilsa og öryggi
- Náttúru- og menningaminjar

Umhverfisviðmið

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða

óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg. Í upphafi umhverfismats þarf að taka saman hvar fyrir liggur stefna stjórnvalda um viðkomandi málaflokka sem leggja ber til grundvallar umhverfismatinu sem umhverfisviðmið.

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér. Í viðauka er að finna nánari útskýringar á einstökum viðmiðum sem höfð voru til hliðsjónar í matinu.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með seinni breytingum. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með seinni breytingum. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með seinni breytingum. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 með seinni breytingum. Lög um vernd Breiðafjarðar 54/1995
Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 Reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
Skipulagsáætlun	Svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.
Annað	Greining á áhrifum með gáttlistum og rýni ýmissa skipulagsgagna. Leiðbeiningar skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana og flokkun umhverfisþátta.

Tafla 1 Umhverfisviðmið sem höfð voru til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa var stuðst við þau hugtök og skilgreiningar eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið var notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Hvernig hefur verið unnið að umhverfismati aðalskipulagsins

Umhverfismatið hefur verið unnið af Landmótun í samráði við sveitarfélagið. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags (Einkenni og vægi umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Flokkun umhverfisþátta, drög 30/6 2005, Viðmið umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Dæmi um framsetningu í matskýrslu, drög 30/6 2005, Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana-apríl 2007.

Framsetning umhverfismats aðalskipulags Dalabyggðar

Við mat á áhrifum stefnumiða eru notaðar eftirfarandi vægi umhverfisáhrifa:

++	Stefna aðalskipulags hefur veruleg jákvæð áhrif
+	Stefna aðalskipulags hefur talsverð jákvæð áhrif
0	Stefna aðalskipulags hefur óveruleg áhrif
-	Stefna aðalskipulags hefur talsverð neikvæð áhrif
--	Stefna aðalskipulags hefur veruleg neikvæð áhrif
?	Stefna aðalskipulags hefur óviss áhrif

Umhverfisáhrifin voru metin út frá álitum sérfræðinga, sveitarfélagsins og íbúa. Við umhverfismatið var beitt bæði huglægum og mælanlegum aðferðum. Huglægar aðferðir verða t.d. notaðar til að veita áhrif á landslag og ásýnd en þau áhrif er erfitt að mæla og mat á þeim tekur einnig mið af smekk og upplifun hvers og eins. Mælanlegar aðferðir eru m.a. notaðar við að meta hávaða frá t.a.m. nýjum vegum. Þegar á heildina er lítið munu huglægar aðferðir að líkindum hafa meira að segja við matið en þær verða studdar með mælanlegum niðurstöðum ef fyrir liggja upplýsingar um efnið.

2.7 UMFJÖLLUN UM VALKOSTI

Þeir kostir sem teknir verða til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er núllkostur en það felur í sér að áðurtöldum markmiðum verði ekki framfylgt. Fyrir svæði fyrir frístundabyggð eru bornir saman kostirnir stór og lítil svæði fyrir frístundabyggð sem og núllkostur.og skógrækt er það núllkostur sem tekin er til samanburðar enda er um heildstæða úttekt að ræða en ekki áhrif einstakra svæða.

2.8 UMhverfismat

2.8.1 Markmið fyrir frístundabyggð

Fyrir frístundabyggð eru eftirfarandi markmið sett fram í aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016:

- **Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.**
- **Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og frekari uppbygging á eldri frístundabyggðar-svæðum er háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.**
- **Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha.**

Í Dalabyggð er gert ráð fyrir 35 svæðum fyrir frístundabyggð og hafa flest þeirra hlotið deiliskipulagslega meðferð. Þessi svæði eru mismunandi að stærð og verður ekki greint frá umhverfisáhrifum hvers og eins svæðis heldur hver áhrifin eru í heild sinni af frístundabyggðum.

Frístundabyggð (sjá kafla 3.2.8)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, íbúabróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn markmið	++	-	0	0

Nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir. Svæðin taka oft frekari breytingum vegna aukinnar ræktunar trjáplantna sem og uppbyggingu mannvirka á frístundabyggðasvæðum t.a.m. hús og vegir. Lítil áhrif verða á vatnafar enda almennt gerðar strangar kröfur varðandi frágang rotþróa svæðin ekki staðsett á votlendissvæðum. Nokkur áhrif verða á gróður vegna aukinnar ræktunar trjáplantna. og eru nokkur svæðanna staðsett innan um birkikjarr. Lítil sem engin áhrif á loft- og hljóðmengun fyrir utan aukna umferð um stærri svæði og þá sér í lagi á álagstímum. Mörg svæðanna eru á landbúnaðarsvæðum sem skerðast því nokkuð, en þó ekki tún eða land sem þykir ákjósanlegt til landbúnaðarnota. Um er að ræða mela eða beitarlönd sem bændur eru að reyna að koma í verð. Tillagan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag enda styður það við byggingarstarfsemi og ýmsar greinar atvinnulífs á svæðinu sem og að ferðamannastraumur eykst. Áhrifin eru nokkur á samgöngur og öryggismál þar sem umferð eykst með fjölgun frístundabyggða í sveitarfélaginu. Lítil áhrif verða á náttúru- og menningaminjar enda verði þess gætt að ekki verði spornað við minjum sem geta fundist á fyrrihuguðum svæðum fyrir frístundabyggð. Við deiliskipulagsgerð einstakra svæða skal einnig fara fram deiliskráning fornminja og skrásetning náttúruminja á svæðinu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Þess verði gætt að uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og birkiskógar sem og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga verði ekki skert við uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja og að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu. Gætt verður þess að gott landbúnaðarland fari ekki undir frístundabyggð.

Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir				
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufrarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar	
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, líbúáprun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>	
Minni svæði tekin undir frístundabyggð (<50 ha)	+	0	0	0	?
Stærri svæði tekin undir frístundabyggð (>200ha)	+	-	0	0	?
Núllkostur	-	+	+	+	+

Niðurstaða samanburðar**Stærri svæði-helstu áhrif**

Oft eru stór svæði tekin frá fyrir frístundabyggð til að auka verðgildi jarðar. Yfirleitt eru stærri svæði hagkvæmari í rekstri þar sem samtenging við veitur og aðra þjónustu er arðbærari heldur en á minni svæðum og þar af leiðandi er þjónustustig hærra. Ókostur er að meiri hætta er á því í slíkum tilfellum að gott landbúnaðarland verði tekið úr landbúnaðarlotkun. Tengsl við náttúruna verða minni og meiri röskun verður á gróðurfari og dýralífi. Ásýnd af stærri svæðum er mun meiri í landslaginu.

Minni svæði-helstu áhrif

Minni svæði eru óhagkvæmari í rekstri þar sem dýrara er að tengjast veitum og þjónustustig verður minna. Tengsl við náttúruna er meiri og ásýnd minni í landslaginu og minna rask á gróðri og dýralífi.

Núllkostur-helstu áhrif

Ef áhrif núllkosts eru skoðuð þá ber helst að nefna að áhrif á náttúrufarslega þætti eru tvímælalaust jákvæð. Náttúran fær að þróast áfram án inngrips. Neikvæðu áhrifin eru hagræn eðlis þar sem auknum ferðamannastraumi fylgir tekjusköpun í sveitarfélaginu.

Niðurstaða mats



Niðurstaða matsins er að markmið fyrir frístundabyggð á eftir að hafa talsvert jákvæð áhrif í sveitarfélaginu svo fremur að reynt verði að halda sjónrænum áhrifum bygginga og aukinnar trjáræktar í lágmarki og að framkvæmdir við veitur og vegi verði í sem mestri sátt við umhverfið. Frekar ber að stuðla að því að minna land verði tekið undir frístundabyggð heldur en stór. Að gætt verði að því að við framkvæmdir á frístunabyggðasvæðum verði stuðlað eins og kostur er að verndun birkiskóga og að ekki verði gengið á mikilvæg gróðursvæði, vistkerfi og jarðmyndanir skv. 37 gr. náttúruverndarlaga.

2.8.2 Markmið fyrir landbúnaðarsvæði

Í markmiðum fyrir landbúnaðarsvæði eru eftirfarandi markmið sett fram:

- a. Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- b. Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar stöðgreina hans. Þannig verði stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- c. Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum og nýjum búgreinum.
- d. Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- e. Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.

Umhverfisáhrif verða metin af lið e í áðurtöldum markmiðum. Hefðbundinn landbúnaður er á undanhaldi í Dalbyggð en skógrækt er alltaf að aukast og af þeim sökum verður greint frá umhverfisháhrifum skógræktar í umhverfisskýrslunni. Það sama gildir hér eins og fyrir frístundabyggðina að ekki verður greint frá umhverfisáhrifum hvers og eins svæðis heldur í hver áhrifin eru í heild sinni af skógrækt. Alls eru 35 svæði samningsbundin Vesturlandsskógaverkefninu og eru svæðin misjöfn af stærð og gerð. Stærsta svæðið er 199 ha en hið minnsta 14 ha. Alls eru svæðin u.þ.b. 1706 ha.

Skógrækt (sjá kafla 3.2.10)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufræðilegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarmáttir
	<i>Efnahagur atvinnulíf, íbúabróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn markmið	+	+	0	0

Áhrif vegna skógræktar á hagræna og félagslega þætti umhverfisins eru talin vera talsvert jákvæð. Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar til litið er til langrar framtíðar. Aðstaða til útivistar verður fjölbreyttari þar sem skógar eru gerðir opnir til útivistar. Aukin efnahagslegur ávinningur getur hlotist vegna aukinnar ferðaþjónustu.

Áhrif á náttúrufræðilega þætti eru í heildina séð talin vera talsvert jákvæð enda verði þess gætt að skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminum. Í upphafi umsóknarferils við landshlutabundin skógræktarverkefni þá ber viðeigandi yfirstofnun skógræktarverkefnis ábyrgð á því að land sé metið m.t.t. til náttúrufræðis og menningarminja. Skógræktaráætlun er gerð fyrir hverja jörð áður en framkvæmdir hefjast. Út frá gróðurfari og öðrum umhverfisþáttum er gerð tillaga að vali trjátegunda í skógræktarsvæðið. Áhersla er lögð á að skógurinn falli vel að landslagi, sé fjölbreyttur og aðlaðandi. Náttúruminjar, söguminjar og athyglisverðir staðir eru ekki klæddir skógi og gætt er að mörgum fleiri þáttum, svo sem fuglalífi, gróðurfari, berjalöndum og útsýni. Því eru neikvæð áhrif talin vera óveruleg.

Helstu áhrif skógræktar á einstaka umhverfisþætti eru eftirfarandi:

Áhrif á vatnafar eru talin vera óveruleg enda ekki gert ráð fyrir því að skógur verði ræktaður á mýrum. Getur haft staðbundin áhrif á snjóalög og geta því haft áhrif á vatnabúskap. Meiri snjór safnast á hæðum en minni snjór í lægðum samanborið við skóglaut land. Á hæðum verður rakastig í jarðvegi því hærra lengra fram á sumar sem bætir skilyrði fyrir allt líf. Fannir sem safnast í lægðum og hlémegin í brekkum verða minni, bráðna fyrr og þar með lengist sumarið fyrir lífverur þar.

Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil. Talsvert neikvæð áhrif geta verið á botngróður en með blöndun tegunda má draga úr þeim áhrifum. Tegundasamsetning gróðurs í skógarreitum mun breytast, en hafa ber í huga að breytingin er úr einu manngerðu gróðurlendi í annað. Verið er að skipta út áhrifum búfjárbeitar fyrir áhrif skógar. Lágvöxnum, ljóselskum plöntutegundum fækkar en skuggþolnar tegundir eru hins vegar líklegar til að nema land með tímanum.

Skógrækt getur haft staðbundin áhrif á fuglalíf þar sem yfirleitt er verið að taka gras- eða mólendi undir skógrækt. Áhrifin geta því verið talsvert neikvæð fyrir mófugla eins og spóa en talsvert jákvæð fyrir skógfugla

eins og skógarpresti eða músarindil. Á landsvísu eru áhrif talin vera óveruleg vegna takmarkaðs umfangs skógræktar.

Skógrækt hefur áhrif á vindafar, sérstaklega vindsveipi, skógurinn skapar skjól og breytir nærviðri. Aukin skógrækt getur dregið úr loftmengun. Vaxandi skógur bindur koltvísýring (CO_2) úr andrúmsloftinu til langs tíma í formi viðar og kolefnissambanda í jarðvegi. T.a.m. má gera ráð fyrir að árleg binding vegna Norðurlandsskóga verði komin í um 200.000 tonn CO_2 eftir 40 ár, en það samsvarar tæpum 9% af öllu útstreymi CO_2 á Íslandi 1995.

Skógrækt hefur áhrif á landslag. Með meiri skógrækt eykst hlutfall skógarlandslags og skörp skil geta myndast á jöðrum skógræktar og lands utan skógræktar. vegna hæðar, áferðar og litar skógarins. Skógur getur dregið fyrir útsýni að einstökum landslagsþáttum frá ákveðnum stöðum. Lítið umfang fyrirhugaðrar skógræktar (5% láglendis) þýðir að útsýni að stærri landslagsþáttum, s.s. fjöllum, mun ekki spillast svo nokkru nemi. Hins vegar gæti útsýni spillst að smærri landslagsþáttum, t.d. útsýni að fossi frá vegi. Þar sem þannig háttar til þarf að taka á því í hönnun skógræktar og tryggja að skógur spilli ekki sýn að mikilvægum landslagsminjum. Í þessu tilliti skiptir staðsetning skógar í landslagi verulegu máli. Skógur í neðanverðri fjallshlíð spillir ekki útsýni og hefur tiltölulega jákvæð áhrif á ásýnd lands að mati margra. Skógrækt á flatlendi, sérstaklega nálægt vegum, getur hins vegar spilt útsýni. Það vill svo til að skógræktarskilyrði eru yfirleitt mun betri í brekkum en á flatlendi og eru þær því líklegri til að verða fyrir valinu sem skógræktarsvæði. Með skjólbeltarækt breytist landslag ræktunar og verður munurinn einkum sá að skurðir verða minna áberandi og tún verða afmörkuð með skjólbeltum í staðinn.

Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg. Getur haft jákvæð sálræn áhrif á suma en neikvæð á aðra.

Áhrif á aðra landnotkun er óveruleg enda skógræktarsvæði helst í landi sem hentar illa til annarrar landnotkunar. Helst ber þó að nefna skerðingu beitarslands. Getur haft áhrif á samgöngur vegna jöfnunar snjólaga þá ýmist jákvæð eða neikvæði áhrif sem og hamlað sýn manna.

Áhrif á náttúru- og menningaminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði plantað trjám nálægt náttúru- eða fornminjum.³

Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Gæta skal umhverfissjónarmiða þegar farið er í skógrækt. Ekki skal taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún. Í aðalskipulagi Dalabyggðar eru sett fram markmið í tengslum við landgræðslu og skógrækt í þeim eru fólgnar vissar mótvægisáðgerðir sem eru:

- a. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.


³ Sérstakt Svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, Norðurlandsskógar 2005.

- b. Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- c. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. Náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- d. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um skv. 37. gr. í náttúruverndarlögum.
- e. Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær stofnvegum en 30 m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 15m eins og kveðið er á um í vegalögum nr. 80/2007. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði.
- f. Með sérstakri hönnun jaðra og notkun á lágvaxnari tegundum til að milda skil á skógarjöðrum.
- g. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra trjáa óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

Valkostir

Valkostir	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, lúðaþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn skógrækt	+	+	0	0
Núllkostur	0	0	0	0

Niðurstaða samanburðar



Núllkostur þýðir óbreytt ástand þ.e. að ekki verði af áformum um skógrækt á svæðinu. Í heildina séð eru áhrifin af því talin vera óveruleg. Jákvæð áhrif eiga einna helst við hagræna og félagslega þætti umhverfisins þar sem félagslegur og hagrænn ávinningur af skógrækt getur verið nokkur þar sem hann eflir atvinnulíf á svæðinu en með auknum framlögum til skjólskógaverkefnisins fjölga ársverkum á svæðinu. Einkum mun sumarstörfum fjölga við plöntuframlæiðslu í gróðrarstöðvum og við gróðursetningu. A.m.k. 4 heilsárs hafa

skapast við að reka verkefnið og þjónusta það. Hér er átt við sérhæfð störf skógræðinga, landfræðinga og annarra sem sjá um rekstur, áætlanagerð, ráðgjöf, eftirlit og skráningu. Þá eykst þörf fyrir skógræktarrannsóknir á svæðinu. Skapast hefur þörf fyrir árstíðabundna verktakastarfsemi við girðingar, jarðvinnslu, gróðursetningu og umhirðu, en þegar fram líða stundir mun einnig vera grundvöllur fyrir slíkri starfsemi við grisjun, skógarhögg og flutning eða vinnslu skógarafurða. Það er landeigandinn sjálfur sem tekur ákvörðun um að fara í skógrækt vitandi hvaða landnýtingarþarfir hann hefur aðrar. Skógrækt rýrir því ekki tekjumöguleika af hefðbundnum landbúnaði. Þvert á móti er reynslan af hinu 15 ára gamla Héraðsskógaverkefni sú að þátttaka í skógrækt leiðir gjarnan til bættrar vitundar um allskonar landnýtingu og hagræðingar auk þess að renna stoðum undir valta byggð.

2.8.3 Stefnumið fyrir samgöngur

Markmið sem sett eru fram fyrir samgöngur er eftirfarandi:

- **Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.**
- **Lögð er sérstök áhersla á endurbætur á stofnbraut um Svínadal, Laxárdalsveg og Snæfellsnesveg um Skógarströnd.**
- **Byggja þarf upp hringleiðir um Hörðudal, Laxárdal og Fellsströnd, vegna mjólkurflutninga og skólaaksturs. Ennfremur vegi að Staðarfelli, að Laugum í Sælingsdal og að Eiríksstöðum í Haukadal**

Þær samgöngubætur sem settar eru fram í aðalskipulagi Dalabyggðar eru annars vegar almennar endurbætur á stofn- og tengivegum sem ekki flokkast undir framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka í lögum um mat á umhverfiáhrifum 106/2000. Hins vegar er um að ræða nýbyggingu vega en þar skal nefna Skógarstrandarveg. Um er að ræða nýlagningu vegar á 27 km leið sem að mestu er lagður í núverandi vegstæði.

Samgöngur og veitur (sjá kafla 3.4)	Umhverfisþættir				
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufrarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar	
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, íbúabróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>	
Almenn stefnumið	++	0	+	0	?

Við mótun stefnumiða um samgöngumál var leitast við að bæta umferðaröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla og að bæta samgöngur við nágrannabyggðalög til að stækka atvinnusvæði og bæta möguleika á sviði ferðaþjónustu.

Helstu líkleg áhrif aðalskipulags verða á umferð, umferðaröryggi og aðgengi að þjónustu, verslun og útivistarsvæðum. Uppbygging íbúðarsvæða og auknið atvinnulíf kalla á aukningu bílaumferðar. Í

aðalskipulaginu eru ekki settar fram umferðarspár um hversu mikil aukning verði á umferð á skipulagstímabilinu. Þróun umferðar frá 2000-2004 má finna í forsenduhefti (tafla 5) en þar má sjá að umferð um sveitarfélagið hefur aukist jafnt og þétt á milli ára. Ætla má að sú þróun haldi áfram með auknum ferðamannastraumi sem og ef íbúaspár í aðalskipulagi um fjölgun íbúa ganga eftir. Með bættum samgöngum má búast við aukinni umferð.

Í aðalskipulagi eru gönguleiðir hafðar inni til skýringar en með aðgreiningu stíga í aðalskipulaginu er stígakerfi sveitarfélagsins líklegt til þess að skapa gott aðgengi að útivistarsvæðum.

Stefnumótun aðalskipulags er líkleg til þess að stuðla að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu, jafnt fyrir akandi, gangandi, riðandi og hjólandi umferð en markmið og aðgerðir varðandi samgöngur í aðalskipulaginu séu líkleg til þess að hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Aukinn útblástur vegna vaxandi bílaumferðar í framtíðinni er ekki talinn hafa áhrif á heilsu fólks vegna fámennis. Af sömu ástæðum er dregin sú ályktun að hávaðamengun verði óveruleg, enda liggja engar stórar flutnings- eða umferðaræðar um sveitarfélagið. Stefnumótun í samgöngumálum á er ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á náttúrufar, s.s. verndarsvæði, dýr, gróður, jarðveg, loft eða vatn.


Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Sérstakar mótvægisáðgerðir vegna áðurtalinnna framkvæmda á þeim vegum sem hafa farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum eru nefndar í matsskýrslum einstakra framkvæmda. Með tilliti til þess að neikvæð áhrif af öðrum vegabótum í sveitarfélaginu eru talin vera lítil sem engin af eru ekki lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir.

Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, íbúapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Fríðlýstar fornleifar, hverfisvemd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Nýr Skógarstrandarvegur	++	0	+	0
Núllkostur	-	0	0	0

Niðurstaða samanburðar



Nýr vegur um Skógarströnd er matsskyldur og verða umhverfisáhrif þeirra framkvæmdar tekin fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda en ljóst er að áhrif Skógarstrandarvegur og annarra samgöngubóta sem gerðar verða á skipulagstímanum hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti umhverfisins sem og heilsu og öryggi. Stytting vegur og breyting á legu til að auka öryggi er fjárhagslega hagkvæmara en óbreytt ástand. Þróunarmöguleikar svæðisins í heild munu aukast með bættum og öruggari vegi. Það neikvæða er vegur á nýjum stað mun brjóta nýtt land undir mannvirki að mjög takmörkuðu leyti þar sem fylgt er eldra vegstæði að mestu.

2.8.4 Markmið fyrir iðnaðarsvæði

Í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 eru eftirfarandi markmið sett fram fyrir iðnaðarsvæði:

- a. **Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.**
- b. **Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.**
- c. **Samhliða deiliskipulagi skal skrá fornminjar á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.**

Metin verða umhverfisáhrif af lið a.

Iðnaðarsvæði (sjá kafla 3.2.4)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, iðnaðarþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn stefnumið	+	-	+	0

Hugmyndir eru uppi um að reisa sjávarfallavirkjun í landi Straums í Hvammsfirði en Breiðafjörður virðist vera einn hagkvæmasti staður til virkjunar sjávarfalla á Íslandi. Munur á stórstraumsflóði og -fjöru er hátt í 5 m. Sjávarorka ehf hefur líka skoðað virkjunarkosti í Röstinni í Hvammsfirði en straumhraði í Röstinni inn í Hvammsfjörðinn getur farið yfir 24 hnúta, eða yfir 12 m/sek við bestu aðstæður. Framkvæmdir sem þessar eru matsskyldar skv. 2. lið í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í 1. viðauka eru tilgreindar þær framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum og þ.a.l. yrðu áhrifin metin á því stigi. Miðað við gefnar forsendur þá yrðu áhrifin af sjávarfallavirkjun mestmegnis náttúrufarslegs eðlis og umfang áhrifa væri

háð útfærslu mannvirkja. Um væri að ræða talsvert neikvæð áhrif á vatnafar og sjávardýralíf í kringum virkjunanina. Efnahagslegur ávinningur gæti orðið nokkur þá sér í lagi á framkvæmdatíma og einhver störf gætu skapast á vinnslutíma hennar. Önnur áhrif eru talin vera óveruleg eða óljós vegna skorts á upplýsingum.

Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Sérstakar mótvægisáðgerðir vegna sjávarfallavirkjana yrðu settar fram í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og eru því ekki gerðar neinar tillögur um mótvægisáðgerðir á þessu stigi.

Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufrarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Umhverfisviðmið			
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, ibúabróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Sjávarfallavirkjun við Röstina	+	-	+	0
Sjávarfallavirkjun við Straum	+	-	0	0
Núllkostur	-	0	0	0

Niðurstaða samanburðar



Ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að vega og meta áhrif mismunandi valkosta við Röstina eða við Straum en umræðan hefur verið um þessa tvo staði. Áhrifin eru háð útfærslu framkvæmdanna en að öllu jöfnu yrðu áhrifin talsvert jákvæð á hagræna og félagslega þætti umhverfisins á það við báða valkostina. Talsvert neikvæð áhrif yrðu á lífríki og vatnafar þ.e. vegna breytinga á vatnsstraumum vegna virkjananna. Ef núllkostur yrðir fyrir valinu þá myndi ástand haldast óbreytt og þ.a.l. enginn efnahagslegur ávinningur og óbreytt áhrif á umhverfið. Áhrifin eru því talin óljós.

2.9 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við gerð aðalskipulags Dalabyggðar 2006-2018, í samræmi við matslýsingu, hefur þess verið gætt að áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Þær áætlanir sem um ræðir eru:

- a. **Svæðisskipulag Dalasýslu** og **Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012**,
- b. **Aðalskipulag nágrannabyggðalaga:** Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Aðalskipulag Dalabyggðar er þegar þetta er skrifað enn í vinnslu en þess hefur verið gætt að einstök stefnumið sveitarfélaganna hafi verið í samræmi. Helst ber þar að nefna landnotkun sem nær út fyrir sveitarfélagamörkin. Um er að ræða Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 sem er í vinnslu, Aðalskipulag Hólmavíkurhrepps 1994-2014 en í vinnslu er Aðalskipulag Strandabyggðar 2008-2020 sem mun taka yfir. Aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017 en fyrir Borgarbyggð er endurskoðun aðalskipulags í gangi. Ekkert aðalskipulag er staðfest fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp né Helgafellssveit.
- c. **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020:** Í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 er tekið mið af stefnumörkun ríkistjórnarinnar um sjálfbæra þróun þar sem ritið Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 var haft til hliðsjónar við vinnu aðalskipulagsins.
- d. **Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004:** Aðalskipulag Dalabyggðar er í samræmi við Verndaráætlun Breiðafjarðar að stuðla að verndun svæðisins í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar

2.10 HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNUNNAR

Umhverfisáhrif aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016 eru þegar á heildina er litið talin vera frekar jákvæð.

Helstu líkleg neikvæð áhrif stefnumótunar og aðgerða í skipulagsáætluninni snúa helst að áhrifum á heilsu- og öryggisþáttum umhverfisins. Með aukinni ferðaþjónustu vegna frístundabyggðar á svæðinu eykst bílaumferð og þyrfti því að mæta því með einhverskonar mótvægisáðgerðum í formi nýrra lausna í vegamálum sem yrðu þá útfærsluatriði þegar þar að kæmi. Áhrif á náttúrfarslega þætti eru talin vera óveruleg en breyting mun þó verða á því með aukinni frístundabyggð og skógrækt. Í tillögunni er ekki verið að taka svæði sem teljast hafa verndargildi vegna sérstæðs náttúrfars eða gróðurfars og ekki er verið að raska landi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum.

Jákvæðu áhrifin eru einna helst hagræn eðlis þar sem sveitarfélagið sér fram á auknar tekjur og aukið þjónustustig vegna aukins ferðamannastraums.

Í matsvinnunni hefur komið fram að landslag og ásýnd sveitarfélagsins komi til með breytast með aukinni frístundabyggð sem og skógræktar en óvissa er um umfang og áþreifanleika þessara breytingar.

Í heild sinni er talið ólíklegt að náttúrufar, landslag, ásýnd og upplifun sveitarfélagsins komi til með að breytast verulega. Það er því niðurstaða matsvinnu að aðalskipulag Dalabyggðar 2004 –2016 sé ekki líklegt til að *valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum*.

2.11 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMhverfisÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsógn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

1. **Jarðvarmavirkjanir** og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.
2. **Stofnbrautir í þéttbýli.** Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
3. **Hafnir** (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærra en 1.350 tonn geta siglt um.
4. **Förgunarstöðvar** þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.
5. **Skolphreinsistöðvar** með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
6. **Efnistaka** þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.
7. **Loftlínur utan þéttbýlis** til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
8. **Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur** í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í 2. viðauka eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Eftirfarandi eru dæmi um slíkar framkvæmdir:

1. **Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:**
 - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
 - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
 - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

- d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
- e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
2. **Námuiðnaður:**
 - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
3. **Matvælaíðnaður:**
 - a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
 - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
 - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
 - d. Öl- og maltgerð.
 - e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
 - f. Sláturhús.
 - g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
 - h. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
4. **Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum**, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærra, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
5. **Tengibrautir í þéttbýli**. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

2.11.1 Matskyldar framkvæmdir í Dalabyggð

Á skipulagstímabilinu 2006-2026 er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum í Hörgárbyggð, sem háðar eru mati umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum:

- Sjávarfallavirkjun við Röstina allt að 25 MW virkjun.
- Snæfellsnesvegur nr 54. Um er að ræða uppbyggingu á 27 km kafla á Skógarstrandarvegi frá vegamótum Heydalsvegar að Vestfjarðavegi.

3.0 LÝSING AÐALSKIPULAGS

Hér er lýst megindráttum í landnotkun á einstökum svæðum í Dalabyggð. Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið í heild er í mkv. 1:100.000 og uppdráttur fyrir Búðardal er í mkv. 1:10.000. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

3.1 MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

Miklar breytingar hafa orðið í landnotkun á síðari árum. Aukin ásókn er í land á svæðinu eins og víðar á Vesturlandi. Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður, einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Hrossarækt er mjög vaxandi búgrein og um 30 jarðir taka þátt í skógrækt í tengslum við Vesturlandskógaverkefnið. Gott reiðstígakerfi er því afar mikilvægt á svæðinu.

Búðardalur er eina þéttbýlissvæðið og þar er m.a. gert ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð í framtíðinni. Búðardalur er vel staðsettur landfræðilega, miðsvæðis í sveitarfélaginu, og stærsti hluti byggðarinnar er í innan 40 km fjarlægðar. Í Búðardal eru tekin frá rúm svæði fyrir nýja íbúðarbyggð og atvinnusvæði. Helstu dráttum í landnotkun í Búðardal er að öðru leyti lýst í [kafla 4](#).

Aukin ásókn er í sumarbústaðalóðir enda ræktunarskilyrði góð og nálægð við þéttbýlustu svæði landsins, einkum með tilkomu Hvalfjarðaganga og bættum vegi um Bröttubrekku. Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu sumarhúsa í nágrenni Lauga í Sælingsdal og í Sælingsdalstungu sem nýtir þá aðstöðu sem er í nágrenninu. Á síðari árum hefur verið ráðist í stór verkefni til eflingar ferðaþjónustu og er heilsárshótel að Laugum og uppbygging Eiríksstaða í Haukadal þar á meðal. Gert er ráð aukinni áherslu á uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu í framtíðinni.

Iðnaður er einkum í Búðardal þar sem eru Mjólkurstöðin í Búðardal, Afurðastöðin, auk nokkurra minni iðnfyrirtækja. Hitaveita Dalabyggðar nýtir jarðhita í Reykjadal þar sem eru frekari nýtingarmöguleikar í framtíðinni.

Breiðafjarðarsvæðið nýtur verndar samkvæmt sérstökum lögum. Þá eru 7 svæði á náttúruminjaskrá og nokkur svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum áhugaverð útivistarsvæði. Fjöldi sögu- og fornminja er í Dalabyggð og eru þau mikilvægustu auðkennd á uppdrætti í flokki verndarsvæða fornminja. Um 20 minjastaðir eru friðlýstir skv. Þjóðminjalögum og auk þess er fjöldi minja sem hafa verið skráðir og njóta verndar sökum aldurs.

Mörk einstakra jarða eru í megindráttum auðkennd til skýringar á skipulagsuppdrætti.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Bygging einstakra íbúðarhúsa er heimil á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap sbr. kafla 5.2.14 um landbúnaðarsvæði. Íbúðarsvæði þar sem eru fjórar samliggjandi lóðir eða fleiri eru auðkenndar sérstaklega á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.2 í skipulagsreglugerð).

3.2 LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI**3.2.1 Íbúðarsvæði****Markmið:**

- Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðabyggðar í dreifbýli í Dalabyggð.
- Tekin verði frá svæði fyrir íbúðarlóðir þar sem góðir möguleikar eru á hitaveitu. Einkum er horft til Lauga í Sælingsdal og í nágrenni Búðardals.
- Samhliða deiliskipulagi skal skrá fornminjar á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.

Leiðir:

- *Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.*

Við upphaf skipulagsvinnunnar er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er aðalskipulag eða það endurskoðað. Gert er ráð fyrir að þéttleiki byggðar í dreifbýli verði á bilinu 10-15 íbúðir/ha.

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 15	0,20 - 0,35
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6

Aukin ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu og gert er ráð fyrir fjölgun lóða í dreifbýli. Í töflu hér að neðan eru talin upp íbúðarsvæði í dreifbýli Dalabyggðar. Í stefnumörkun þessa aðalskipulags er gert er ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 10-12 íbúðir og fleiri verða á ha. Fyrir dreifbýli er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað.

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0.20 - 0,4

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
1	Laugar í Sælingsdal	Gert er ráð fyrir íbúðabyggð á 5 lóðum á um 3 ha svæði. Þegar hafa verið byggð 4 íbúðarhús samkvæmt gildandi skipulagi í tengslum við skólann.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).



Mynd 3.1. Fellsendi

3.2.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir**Markmið:**

- Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Gert er ráð fyrir að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Leiðir:

- Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.
- Markaðssetning íþróttamannvirkja og félagsheimila fyrir æfingabúðir, ráðstefnur og ættarmót.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi. Í dreifbýli Dalabyggðar eru eftirfarandi þjónustustofnanir og eru þær táknaðar með appelsínugulum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Kirkjan á Narfeyri á Skógarströnd	Timburhús reist 1900 upp úr kirkju frá 1889 sem f auk árið 1900. Stærð lóðar 0,1 ha.
S2	Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd	Fyrsta kirkjan var byggð árið 1563, sem var útkirkja frá Narfeyri. Prestakallið var lagt niður 1970 og lagt til Stykkishólms. Kirkjan sem nú stendur var vígð 1973. Stærð lóðar um 0,1 ha,.
S3	Fellsendi í Suðurdölum	Á svæðinu er Dvalarheimilið að Fellsenda sem er sjálfseignarstofnun fyrir aldraða sem þurfa mikla aðstoð. Starfsemin hefur nýlega verið eflað með nýrri byggingu á um 3 ha lóð.
S4	Snóksdalskirkja	Timburhús reist 1875-1876. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S5	Kvennabrekkukirkja í Suðurdölum	Kvennabrekkukirkja er steinkirkja, var vígð árið 1925. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S6	Kirkjan að Stóra-Vatnshorni í Haukadál	Á Stóra Vatnshorni hefur verið sóknarkirkja Haukdælinga svo lengi sem vitað er og hefur að líkindum verið frá setningu tíundarlaga 1096. Ný kirkja var vígð haustið 1971. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S7	Hjarðarholtskirkja í Laxárdal	Hér hefur verið kirkja frá því snemma eftir kristnitöku. Hjarðarholtskirkja var helguð Jóhannesi skýrara. Ný kirkja var reist 1877 sem Rögnvaldur Ólafsson teiknaði. Stærð lóðar um 0,1 ha.



Mynd 3.2. Hjarðarholtskirkja

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Á verslunar- og þjónustusvæðum getur eftir atvikum einnig verið stundaður landbúnaður. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

S9	Hvammskirkja í Hvammssveit	Timburhús reist 1883-1884. Sóknarkirkja var og er að Hvammi. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S10	Staðarfellskirkja	Timburhús reist 1891. Sóknarkirkja Fellsstrendinga er að Staðarfelli. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S11	Dagverðarneskirkja á Fellsströnd	Dagverðarneskirkja varð sóknarkirkja 9. júní 1758, sem var áður hálfkirkja. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S12	Skarðskirkja á Skarðsströnd	Timburhús reist 1914-1916 upp úr kirkju sem fauk 1910 en hún var reist 1847-1848 af viðum gamallar torfkirkju. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S13	Staðarhólskirkja og Tjarnarlundur í Saurbæ	Staðarhólskirkja sem var byggð árið 1899 og endurreist 1981. Tjarnarlundur er félagsheimili Saurbæinga og þar hefur verið starfræktur grunnskóli á síðustu árum. Tjarnarlundur hefur einnig verið nýttur undir gistaðstöðu fyrir ferðamenn. Stærð lóðar um 0,1 ha.
S14	Ólafsdalur	Get er ráð fyrir að haldið verði áfram að gera við gömlu húsin í Ólafsdal og að þar verði komið upp safni og/eða fræðasetri. Stærð lóðar 0,3 ha.

3.2.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Markmið:

- a. **Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.**

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.:

Leiðir:

- Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu á svæðinu..
- Að vinna að því að efla vitund sveitarstjórnarmanna og heimamanna um mikilvægi ferðaþjónustunnar.
- Að fjölga gistimöguleikum innan svæðisins.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Árblik í Suðurdölum	Á svæðinu er félagsheimili sem hefur verið nýtt í þágu ferðaþjónustu, einkum fyrir gistingu og kaffiveitingar. Einnig er tjaldsvæði við húsið. Stefnt er að efla staðinn sem móttökustað ferðamanna. Stærð lóðar um 0,5 ha.
V2	Stóra-Vatnshorn	Á svæðinu er orlofshúsabyggð og gistihús fyrir ferðamenn. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu á svæðinu. Stærð svæðis um 0,5 ha.



Mynd 3.3 Laugar í Sælingsdal Landmótun

Ljósmynd

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

V3	Eiríksstaðir í Haukadal	Á svæðinu eru Eiríksstaðir, endurbyggður bær Eiríks rauða. Einnig snyrtingar og upplýsingaskilti. Gert er ráð fyrir að aðstaða ferðamanna verði bætt enn frekar á svæðinu, s.s. með byggingu sóluskála eða þjónustuhúss. Stærð svæðis um 0,5 ha.
V4	Hótel að Laugum í Sælingsdal	Á svæðinu er Hótel Edda með 45 herbergum og 60 svefnpokaþássum. Stærð verslunar- og þjónustulóðar um 15 ha.
V5	Staðarfell á Fellsströnd	Á svæðinu er félagsheimili sem hefur verið nýtt sem gistirými fyrir ferðamenn. Stærð lóðar um 0,1 ha.
V6	Skarðsstöð á Skarðsströnd	Áformað er að endurbyggja gamla verslunarhúsið og byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn á staðnum. Stærð lóðar um 1,5 ha.
V7	Skriðuland í Saurbæ	Að Skriðulandi er rekin verslun og veitingasala. Áform eru um að efla starfsemina og koma á fót tjaldsvæði fyrir ferðamenn. Stærð lóðar 1,2 ha.

3.2.4 Iðnaðarsvæði

Markmið:

- a. Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stöðum undir byggð á svæðinu.
- b. Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.
- c. Samhliða deiliskipulagi skal skrá fornminjar á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.

Leiðir:

- o Að ávallt verði nægt framboð af iðnaðarlóðum í sveitarfélaginu.
- o Stefnt verði að frekari vinnslu jarðhita í Reykjadal.
- o Skoðaðir verði til hlítar möguleikar á virkjun sjávarfalla í Hvammsfirði.

Iðnaðarsvæði á svæðinu eru af mörgum toga, en þau helstu tengjast orkuvinnslu, auk dælu- og veitustöðva, eins og fram kemur í töflu hér á eftir. Auk þess er gert ráð fyrir rúmum iðnaðarsvæðum í Búðardal eins og fjallað var um í [kafli 4](#). Iðnaðarsvæði eru táknuð með dökkgráum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I1	Virkjun við Straum	Gert er ráð fyrir byggingu lítillar sjávarfallavirkjunar fyrir landi Straums. Afköst virkjunarinnar verður allt að 25 MW. Stærð lóðar allt að 5 ha.	Straumur
I2	Virkjunarsvæði í Reykjadal	Vinnslusvæði Hitaveitu Dalabyggðar í Reykjadal. Reiknað er með því að vinnsla svæðisins verði aukin með frekari borunum á svæðinu.	Gröf

13	Dælustöð við Fellsenda	Dælustöð Hitaveitu við Reykjadalssá. Stærð svæðis um 2 ha.	Fellsendi
14	Spennuvirki við Glerárskóga	Spennuvirki við Glerárskóga sem tengist Byggðalínunni. Stærð lóðar um 0,3 ha.	Glerárskógar
15	Fóðuriðjan í Ólafsdal	Á svæðinu er grasköggilaverksmiðja og smiðaverkstæði.	Stórholt
16	Eyrarland	Á svæðinu er rekið sláturhús. Stærð svæðis um 0,6 ha.	Eyrarland

3.2.5 Hafnarsvæði

Markmið:

- **Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnarsvæðis og að stöðu til úrvinnslu sjávarfangs.**

Leiðir:

- *Hafnarmannvirki nýtist bæði fyrir sjávarútveg og ferjusiglingar.*

Tvö hafnarsvæði eru í dreifbýli Dalabyggðar og eru þau táknað með dökkbláum lit og númeri á skipulagsuppdrætti:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
H1	Skarðsstöð	Við Skarðsstöð er smábátaaðstaða sem hefur einkum verið nýtt vegna grásleppuveiða síðari ár, en einnig vegna siglinga með ferðamenn. Stærð lóðar um 1,5 ha.	Skarð
H2	Hnúksnes	Við Hnúksnes er smábátaaðstaða sem hefur verið í umsjón Hlutfélagsins Hnúksnes ehf og styrkt af ríkissjóði. Aðstaðan er mikilvæg vegna siglinga við Hvammsfjörð og Breiðafjörð.	Hnúkur

HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökuastaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).

3.2.6 Efnistökusvæði**Markmið:**

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi.
- Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökuastaðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdarleyfi.

Leiðir:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Um efnistökusvæði gildir einnig eftirfarandi laga- og reglugerðarákvæði:

- Framkvæmdaleyfi.** Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnánum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út ef ekki er í gildi staðfest aðalskipulag. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga. Þá verður að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef um er að ræða efnistöku á svæðum sem eru friðlýst skv. 38. gr. laga um náttúruvernd.
- Starfsleyfi.** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Áætlun um vinnslu.** Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
- Mat á umhverfisáhrifum.** Þar sem áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m². Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Leyfi Matvælastofnunar þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „ Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfir Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir vinnslu

jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt ákvæði IV til bráðbirgða í lögum 44/1999 um náttúruvernd er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af atriðum sem talin eru upp í lið c hér að ofan eiga við um efnistöku. Þá skal eftir 1. júlí 2012 afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999.

Almennar leiðbeiningar um efnistöku og val á efnistökuastað:

Eftirfarandi kom fram í skýrslunni "Námur. Efnistaka og frágangur" sem gefin var út af nokkrum opinberum aðilum sem koma að efnistökuááttum árið 2002.

Við val á efnistökusvæði er mikilvægt að velja efni úr þeirri gerð jarðmyndunar sem best hentar fyrirhuguðum notum á efninu...Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur. Ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökkunnar verði sem minnst að frágangi loknum. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að hafa í huga:

- Hver efnistökuþörfin er.
- Að líta þarf á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé á landi sem ekki hefur hátt vermdargildi.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að svipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhverni tíma.
- Að efnistaka sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.
- Að efni sé valið úr þeirri gerð jarðmyndunar sem hentar notum á efninu og að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Að þess sé gætt að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.

Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum stöðum. Ef fyrirhugað er að efnistaka taki lengri tíma, eða ef efni er tekið úr jarðmyndunum sem erfitt getur verið að lagfæra, þá ætti að velja efnistökuastað þar sem efnistaka er sem minnst áberandi frá alfaraleið og úr

jarðmyndunum sem ekki þykja sérstæðar. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu efnistökusvæða, þar sem hávaði, ryk og önnur mengun eða óþægindi geta fylgt efnistökunni.

Þegar efnistökusvæði hefur verið valið þarf að skipuleggja eftirfarandi áður en efnistaka hefst:

- Námu­svæðið í heild sinni, tilhögun efnistöku, vinnslutímabil og áfangaskiptingu efnistökkunnar.
- Tilhögun landmótunar og frágangs efnistökusvæðis að efnistöku lokinni.
- Uppgræðslu efnistökusvæðis þar sem það á við.

Ofangreind atriði þurfa að liggja fyrir áður en efnistaka hefst og koma fram í áætlun um efnistöku.

Í aðalskipulagsvinnunni hefur verið leitast við að fækka námum og í töflu hér á eftir er yfirlit yfir námur á skipulagssvæðinu. Náurnar eru allar í vinnslu, nema annað sé tekið fram. Ekki er um að ræða efnistöku sem heyrir undir lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) vegna tilkynningaskyldu eða matsskyldu. Stærðarmörk þessara svæða miðast því við allt að 25.000 m² svæði eða 50.000 m³ magni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar. Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sem í fæstum tilvikum liggur fyrir.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
E1	Narfeyri	Setnáma í sjávarkambi	Narfeyri
E2	Klungurbrekka	Setnáma í sjávarkambi	óþekkt
E3	Ytra-Leiti	Setnáma í malarhjalla	
E4	Drangaskógur vestan Dranga	Setnáma í frostveðrunarseti	Drangar
E5	Vörðufell	Setnáma í sjávarseti	Vörðufell
E6	Bílduhólsás, vestan vegar	Setnáma í sjávarkambi	Bíldhóll
E7	Þverá	Setnáma í árhjalla	Bíldhóll
E8	Veglína austan Innra-Leitis	Setnáma í sjávarseti	Innraleiti
E9	Borgir	Setnáma í sjávarseti	
E10	Emmuberg	Setnáma í frostveðrunarseti	Emmuberg
E11	Gunnarsstaðir	Malamáma	Gunnarsstaðir
E12	Dunkur	Sand- og malarnáma, nýtt sem steypuefni	Dunkur
E13	Hamraendar	Setnáma í áreyri	Hamraendar
E14	Sunnan Miðár	Setnáma í áreyri	Fellsendi
E15	Gröf	Setnáma í áreyri	Gröf

E16	Breiðabólstaður	Setnáma í áreyri	Breiðabólstaður
E17	Austurá	Setnáma í aurkeilu	Breiðabólstaður
E18	Brúnkollugil	Malarnáma	Sauðafell
E19	Háafell	Setnáma í áreyri	Háafell
E20	Kringla	Setnáma	Kringla
E21	Álfheimar	Setnáma í malarhjalla	Álfheimar
E22	Haukadalsá	Setnáma í skriðukeilum, m.a. nýtt sem steypufni	Vatn
E23	Kamsnes	Setnáma í sjávarseti	Hrútsstaðir
E24	Sauðhús	Setnáma í malarási	Sauðhús
E25	Sauðhús	Gornáma	Sauðhús
E26	Höskuldsstaðir I	Setnáma í malarási	
E27	Höskuldsstaðir	Setnáma í malarási	Höskuldsstaðir
E28	Höskuldsstaðir	Laust efni	Höskuldsstaðir
E29	Hornstaðir	Setnáma í malarási	Hornsstaðir
E30	Leiðólfsstaðir	Setnáma í malarási	Leiðólfsstaðir
E31	Leiðólfsstaðir	Berg	Leiðólfsstaðir
E32	Goddastaðir	Setnáma í malarási	Goddastaðir
E33	Svarfhóll	Setnáma í malarási	Svarfhóll
E34	Sólheimar	Setnáma	Sólheimar 1
E35	Hrappsstaðir	Bergnáma	Hrappsstaðir
E36	Hrappsstaðir	Setnáma í frostveðrunarseti	Hrappsstaðir
E37	Ljárskógar	Griónáma	Ljárskógar
E38	Ásar/Rétt	Setnáma	
E39	Ljárskógar	Gornáma	Ljárskógar
E40	Norðurhólar	Setnáma	Sælingsdalstunga
E41	Ránargil	Setnáma	Sælingsdalstunga
E42	Leysingjastaðir	Setnáma í malarhjalla	Leysingjastaðir
E43	Krosshólaborg II	Setnáma í skriðukeilum	
E44	Krosshólaborg	Setnáma í skriðukeilum	

E45	Teigur	Setnáma	Teigur
E46	Breiðabólstaður	Setnáma í malarhjalla	Breiðabólstaður
E47	Breiðabólstaðagil	Setnáma í malarhjalla	Breiðabólstaður
E48	Ytrafell	Setnáma í skriðukeilum	
E49	Flekkudalsá	Setnáma í árhjalla	Túngarður
E50	Staðarfell	Setnáma í skriðukeilum	Staðarfell
E51	Harastaðir	Setnáma í skriðukeilum	Harastaðir
E52	Stóra-Tunga	Setnáma í sjávarseti	Stóra-Tunga
E53	Grund	Setnáma í sjávarseti	Grund Galtardalur
E54	Ytrafell, náma við veg	Setnáma í sjávarseti	
E55	Melar	Setnáma	
E56	Ballará	Setnáma í aurkeilu	Ballará
E57	Melar norðaustan við farveg Ballará	Setnáma í skriðukeilum	
E58	Kross	Setnáma í malarhjalla	Oddrúnarstaðir
E59	Á	Setnáma í malarhjalla	Á
E60	Skarð	Setnáma í sjávarseti	Skarð 1
E61	Hvalgrafir	Setnáma í malarhjalla	Hvalgrafir
E62	Búðardalsá	Setnáma í malarhjalla	Tindar
E63	Ytri-Fagridalur	Setnáma í malarhjalla	Fagridalur-Ytri

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Á sorpförgunarsvæðum fer fram förgun sorps og annars úrgangs. Sorpförgunarsvæði eru starfsleyfis skyld og umhverfismatsskyld. Móttöku- og flokkunarstöðum fyrir sorp verður komið fyrir á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljast eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar. (Sjá einnig gr. 4.10 í skipulagsreglugerð).

3.2.7 Sorpförgunarsvæði**Markmið:**

- Leitað verður hagkvæmra leiða til að breyta fyrirkomulagi söfnunar og förgunar úrgangsefna í sveitarfélaginu í anda Staðardagskrár 21, m.a. til að draga úr umfangi sorps til urðunar.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verði lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

Leiðir:

- Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum.
- Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps. Sorpgámum verði komið fyrir á völdum stöðum í dreifbýli.

Sorpurðun Vesturlands hf

Dalabyggð er aðili að Sorpurðun Vesturlands hf sem er byggðasamlag 17 sveitarfélaga á Vesturlandi. Urðun fer fram í Fíflholti á Mýrum í Borgarbyggð, en jörðin er í eigu félagsins. Umhverfisáhrif urðunarsvæðisins í Fíflholti hafa verið metin og er gert ráð fyrir að urðun geti farið þar fram um fyrirsjáanlega framtíð.

Staðfest hefur verið sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland.

Gámastöð í Búðardal

Gámastöð er staðsett á iðnaðarsvæði við Vesturlandsveg. Þar verður móttaka á eitur- og spilliefnum, jarðvegs- og gróðurúrgangi, skilaskyldu gleri, plastefnum, pappír og öðrum umbúðum.

Förgunarsvæði á Höskuldsstöðum

Förgunarsvæði fyrir sláturúrgang er á Höskuldsstöðum í Laxárdal.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skioulaasrealuærð).

3.2.8 Svæði fyrir frístundabyggð**Markmið:**

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum er háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Leyfilegt að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi

Leiðir:


- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hruflað við birkiskógum við frekari framkvæmdir.
- Ný frístundabyggðasvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða.
- Dalabyggð mun hafa frumkvæði að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð.

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósflubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleiri húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Samhliða deiliskipulagi skal skrá fornminjar á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar ef fyrirhugað er að skipuleggja eða reisa hús á svæði sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga eða svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Skipulagið nær til þegar byggðra og óbyggðra svæða þar sem eru á [sjöunda tug](#) sumarhúsa auk nokkurra veiðihúsa. Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Á þemauppdrætti í [kafla 3.3.5](#) eru einnig sýnd öll frístundabyggðarsvæði í sveitarfélaginu auk einstakra bústaða. Í töflu hér á eftir eru tilgreindar stærðir lóða og svæða, auk þess er tilgreint á hvaða svæðum deiliskipulag er í gildi.

Svæði undir frístundabyggð eru þessi:



Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Ós á Skógarströnd	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 10 lóða skv. deiliskipulagi frá 2001. Stærð svæðis er um 20 ha.
F2	Haukabrekka í Stóra-Langadal	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 6 lóða skv. deiliskipulagi frá 1999. Stærð svæðis er um 10 ha.
F3	Setberg	Veiðihús við Setbergsá.
F4	Bíldhóll	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 7 lóða skv. deiliskipulagi frá 1986. Stærð svæðis er um 10 ha.
F5	Dunkur	Veiðihús við Dunká.
F6	Ketilsstaðir	Veiðihús Skraumu í landi Ketilsstaða.
F7	Ytri-Hrafnabjörg	Á svæðinu eru 3 sumarhús og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 10 ha.
F8	Snóksdalur 1 í Suðurdölum	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 7 lóða skv. deiliskipulagi frá 2004. Stærð svæðis er um 15 ha.
F9	Snóksdalur 2 í Suðurdölum	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 20 lóða á tveimur svæðum skv. deiliskipulagi frá 2000. Stærð svæðis er um 20 ha.
F10	Kvennabrekka	Veiðihús Miðár í landi Kvennabrekku.
F11	Gröf í Suðurdölum	Í mynni Reykjadalss er gert ráð fyrir sumarhúsabyggð á um 15 lóðum. Stærð svæðis er um 15 ha. Jarðhiti er á svæðinu.
F12	Svarfhóll	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 4 lóða skv. deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 5 ha.
F13	Kolsstaðir	Á jörðinni eru 3 sumarhúsalóðir og er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í allt að 10, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 5 ha.
F14	Svínhóll	Í deiliskipulagi eru markaðar lóðir fyrir 19 frístundahús og tvær lóðir fyrir samtals 10 smáhýsi. 20 ha svæði við Svínhólsgil.
F15	Sauðafell	Gert er ráð fyrir sumarhúsasvæði með 10 lóðum á um 13 ha.
F16	Stóriskögur	Veiðihús Haukadalsár í landi Stóraskógar.
F17	Vatn í Haukadal	Á svæðinu eru 3 sumarhúsalóðir og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 10 ha.
F18	Leikskálar	Veiðihús Haukadalsár í landi Leikskála.
F19	Núpur í Haukadal	Á svæðinu eru 3 sumarhúsalóðir og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 10 ha.
F20	Mjóaból í Haukadal	Á svæðinu eru 3 sumarhúsalóðir og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og

		skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er allt að 5 ha.
F21	Þrándarkot	Veiðihús Laxár í Laxárdal.
F22	Víghólsstaðir í Laxárdal	Á jörðinni er gert ráð fyrir sumarhúsabyggð á 6 lóðum. Stærð svæðis er um 4 ha.
F23	Ljárskógar í Laxárdal	Á jörðinni er í gildi deiliskipulag fyrir frístundabyggð á alls 15 lóðum á 2 svæðum á um 20 ha landi. Auk þess er 2 veiðihús á jörðinni.
F24	Sælingsdalstunga	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 57 lóða skv. Deiliskipulagi frá 2004. Stærð svæðis er um 100 ha.
F25	Laugar í Sælingsdal	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 15 lóða skv. deiliskipulagi frá 2003. Stærð svæðis er um 15 ha.
F26	Skerðingsstaðir	Svæðið er um 15 ha og þar er gert ráð fyrir 12 – 15 lóðum.
F27	Ketilsstaðir í Hvammssveit	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 20 lóða skv. gildandi deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 20 ha.
F28	Ytra-Fell á Fellsströnd	Á jörðinni eru 2 frístundabyggðarsvæði. Á öðru eru 2 veiðihús og á hinu eru 3 lóðir á um 5 ha svæði.
F29	Kjarlaksstaðir	Svæðið er um 18 ha og þar er gert ráð fyrir 12 lóðum sem eru um 18 ha svæði.
F30	Á á Skarðsströnd	Á jörðinni eru í gildi deiliskipulag á alls 20 lóðum á um 10 ha svæði. Á svæðinu er einnig veiðihús fyrir Krossá.
F31	Skarð á Skarðsströnd	Gert er ráð fyrir 5 lóðum á um 5 ha svæði.
F32	Kastali á Skarðsströnd	Veiðihús fyrir Búðardalsá.
F33	Barmur á Skarðsströnd	Gert er ráð fyrir 5 lóðum á um 5 ha svæði.
F34	Bersatunga í Saurbæ	Á jörðinni eru 3 lóðir á um 5 ha svæði.
F35	Þurranes	Á jörðinni er gert ráð fyrir 5 lóðum á um 5 ha svæði.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).

3.2.9 Opín svæði til sérstakra nota**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.
- b. Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Leiðir:

- o Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru m.a. golfvelli, skíðasvæði, skotsvæði, tjaldsvæði og skógræktarsvæði. Á skipulagsupprætti eru opin svæði táknuð með dökkgrænum lit og númeri :

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
O1	Gröf í Suðurdólum	Tjaldsvæði og Grafarlaug í Reykjadal.	Gröf
O2	Stóra-Vatnshorn í Haukadal	Tjaldsvæði í tengslum við orlofshúsasvæði.	Stóra-Vatnshorn
O3	Sælingsdalstunga	Gert er ráð fyrir golfvelli í landi Sælingsdalstungu, beggja vegna aðkomuvegar að Laugum. Stærð svæðis er allt að 114 ha. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.	Sælingsdalstunga
O4	Laugar í Sælingsdal	Tjaldsvæði að Laugum þar sem búið hefur verið í haginn fyrir ferðamenn, m.a. með vandaðri snyrtiaðstöðu. Stærð svæðis 0,8 ha.	Laugar
O5	Á á Skarðsströnd	Á svæðinu er tjaldsvæði í tengslum við sumarhúsabyggð.	Á
O6	Skriðuland í Saurbæ	Gert er ráð fyrir að útbúið verði tjaldsvæði við Skriðuland í Saurbæ.	Skriðuland
O7	Tjarnarlundur í Saurbæ	Við Tjarnarlund er tjaldsvæði sem nýtir hreinlætisaðstöðu sem er í Tjarnarlundi. Stærð svæðis 1,8 ha.	Tjarnarlundur

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum. Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

3.2.10 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaður er grunnlandnotkun í allri Dalabyggð þar sem allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins er nýtt til landbúnaðar og tilheyrir lögbýlum.

Markmið:

- Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar.
- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina og hlunnindabúskapar í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum.
- Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.
- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á kornrækt og eflingu hennar.

Leiðir:

- Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misþjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Að stórbætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins
- Að stutt verði við hlunnindabúskap í héraðinu með markvissri meindýraeyðingu.
- Leitast verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- Að sauðfjárnætur og mjólkurframleiðendur eigi kost á hagstæðum lánum til kaupa á framleiðslurétti.
- Að markaðsmál verði tekin til endurskoðunar með því að markmiði að tryggja bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar.

Megin landnotkun á undirlendi Dalabyggðar er landbúnaður, þar sem m.a. fer fram skógrækt. Hér er fjallað sérstaklega um (i) skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum og (ii) byggingar.

Landgræðsla og skógrækt

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Vesturlandsskógaverkefnið verði að veruleika sem ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti.

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Vesturlandsskógaverkefnið gerir á hverjum tíma og við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir skal leitast við að tryggja fjölbreytni trjategunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða

Heiti jarðar	Stærð (ha)
Alftraðir og Gautsstaðir	34
Ás í Dölum	30
Blönduhlíð	41
Erpsstaðir og Þórólfsstaðir	59
Geirshlíð	53
Grund, Fellsströnd	-
Háafell	44
Hóll í Hörðudal	125
Hróðnyjarstaðir	37
Hrútsstaðir	70
Jörfi	39
Ljarkot	36
Magnússkógar	39
Ormsstaðir	-
Reynikelda	-
Svarfhóll	50
Vatn í Haukadal	14
Vífildalur	-
Vígholtsstaðir	98
Hnúkur	-
Sauðafell	-
Leiðólfsstaðir	27
Níp, Skarðsströnd	-
Saurstaðir í Haukadal	51
Hamar í Hörðudal	-
Sólheimar í Laxárdal	36
Breiðabólstaður í Sökkólfssdal	-
Oddsstaðir	64
Svínhóll	152
Búðardalur I og II á Skarðsströnd	-
Haukabrekka	-
Háls á Skógarströnd	178
Innra-Leiti	161
Vörðufell	199
Kleifar	69

Tafla 1. Jarðir samningsbundnar Vesturlandsskógum. (Heimild: Vesturlandsskógar 2007)

meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningar-skyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Vesturlandsskógar hafa á síðustu árum sent sveitarstjórn Dalabyggðar útlínur skógræktarsvæða þar sem sveitarstjórn getur gert athugasemdir. Á grundvelli nákvæmrar vettvangsskoðunar og skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum um forn- og náttúruminjar er síðan unnin skógræktaráætlun í samráði við skógarbónda og getur því sveitarstjórn gert athugasemdir við fyrirhuguð samningsvæði.

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti sérgreind markmið (sbr. hér fyrr í greinargerðinni í [kafla 2.8.2](#))

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi sérgreind markmið:

- h. Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjól-beltarækt eftir því sem við á.
- i. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.
- j. Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. einnig [kafla 3.3.2](#) og [3.3.5](#). Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m sbr. 11 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- k. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. kafla 5.3.1. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- l. Stuðla skal að verndun náttúrulegra birkiskóga í samræmi við 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd um verndun skóga og annarra gróðursamfélaga.
- m. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Í töflu 1 hér til hliðar eru taldar upp þær jarðir sem eru samningsbundnar Vesturlandsskógum í Dalabyggð:

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Byggja má allt að 3 íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum, þó að þau tengist ekki búrekstri, sbr. [kafla 3.2.10](#). Þá er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Ferðaþjónusta á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. „ferðaþjónustu bænda“, gistingu og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að þriggja frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum sem skilgreint er fyrir frístundabyggð. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstri, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1.500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

3.2.11 Vötn, ár og sjór

Vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar eru sýndir á skipulagsuppdráttunum. Einu breytingarnar á vatnsflötum gætu stafað af hafnarframkvæmdum, en ekki er gert ráð fyrir breytingum á skipulagstímanum á höfnum eða strandsvæðum.

3.3 VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ

3.3.1 Náttúruverndarsvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

Leiðir:

- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá..

Jarðmyndanir og vistgerðir

Samkvæmt 37.gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru eftirfarandi:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðabreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- Sjávarfítjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar. Er skipulagsáætlunin því sett fram með þeim anmörkum. Leita skal umsagnar

NÁTTÚRUVENDARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá en í henni eru talin einnig upp svæði sem vert þykir að vernda. (Sjá einnig gr. 4.19 í skipulagsreglugerð). Náttúruverndarsvæði eru skilgreind í lögum 44/1999 en skv. 3 gr. laganna teljast eftirfarandi svæði til náttúruverndarsvæða: A) Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti. B) Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67 gr. C) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Umhverfistofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á landslagsgerðum. Skv. 38 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum fornminjum og leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá.

Breiðafjörður

Sérstök lög voru sett um vernd Breiðafjarðar árið 1995 (lög nr. 54/1995). Breiðafjarðarsvæðið á sér enga hliðstæðu hér á landi og sker sig úr vegna óteljandi eyja, hólma og skerja. Svæðið er einkum mikilvægt fyrir fjölbreytileika og grósku í fuglalífi, auk þess sem það er sérstætt fyrir gróðurfar (fitjar), landslag, jarðmyndanir og jarðhita. Í mörgum eyjanna eru auk þess menningarminjar um búsetu sem hafa sögulegt gildi. Skv. 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar er tilgangur þeirra að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð hefur verið unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 4 og 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlaut staðfestingu umhverfisráðherra 10. október 2001. Áætlunin nær til fimm ára og er framkvæmd hennar í höndum Breiðafjarðarnefndar. Varðandi stefnu um verndaráætlun Breiðafjarðar er vísað í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 – 2004 og í kafla 3.1 um framkvæmdaáætlun eru eftirfarandi atriði talin upp sem langtíamarkmið er stuðla eigi að vernd Breiðafjarðar:

- Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
- Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
- Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
- Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að rannsóknnum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
- Stuðla að rannsóknnum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
- Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.⁴

Tilgangur með verndun svæðisins er einkum eftirfarandi:

- *Stuðla að **rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar**, þ.m.t. nytjastofnum fugla, gróðurs og hvers konar sjávarfangs.*
- *Tryggja **verndun mikilvægustu náttúruminja Breiðafjarðar**, með takmörkun á umferð um varp-tímann, reglum um mannvirkjagerð o.fl.*

⁴ (Guðríður Þorvarðardóttir, 1999), Verndaráætlun Breiðafjarðar

- *Renna styrkari stoðum undir **eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda**, sem styrkir ársbúsetu og þá sumarbyggð sem byggir á hlunnindanýtingu.*
- *Búa í haginn fyrir **vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang** að náttúru fjarðarins og sögu, án þess að spjöll hljótist af.*
- *Tryggja **verndun menningarverðmæta** og samþætta hana ferðamennsku á þeim sviðum þar sem hagsmunir fara saman. Gerð verði úttekt á hvers konar menningarminjum sem eru mjög miklar á svæðinu.*

Strandsvæði eru sérstaklega áhugaverð til útivistar. Almenn ákvæði í náttúruverndarlögum og skipulags- og byggingarreglugerð eiga að standa vörð um almannarétt og setja ákveðnar skorður gagnvart mannvirkjagerð á strandsvæðum. Taka skal því tillit til annarra svæða sem njóta verndar skv. öðrum lögum eru friðlýst æðarvörp og arnarsetur á grundvelli laga nr. 64/1994 um verndun og friðun og veiðar á villtum fuglum og dýrum og villtum spendýrum og reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda og friðlýsinga æðarvarps. Alls eru 15 friðlýst æðarvörp í umdæmi sýslumannsins í Búðardal. Móttaka ferðamanna verði í ákveðnum farvegi. Helstu móttökusvæðin verði, auk Flateyjar, við strendur Breiðafjarðar fremur en í eyjunum sjálfum. Greiðar siglingar verði um fjörðinn með lendingaraðstöðu fyrir smábáta þar sem aðstaða leyfir. Smábátahafnir í eyjum Breiðafjarðar eru allar innan Reykhólahrepps.

Svæði á náttúruminjaskrá

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem er æskilegt að friðlýsa að mati Umhverfissráðuneytis. Þess ber að geta að mörk svæða á náttúruminjaskrá geta verið ónámkvæm, þar sem gögnin sem fengin eru frá Umhverfisstofnun, eru unnin í öðrum mælikvarða.

Nr. í skrá	Heiti svæðis	Jörð
230	Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði. Stykkishólmi (áður Helgafellssveit), Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.. Vesturhluti svæðisins tilheyrir Stykkishólmsbæ.	Nokkrar jarðir
231	Saltadý í Haukadal. Dalabyggð (áður Haukadalshr.), Dalasýslu. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.	Hamrar
232	Tungustapi í Sælingsdal, (áður Hvammshr.), Dalasýslu. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum..	Sælingsdalstunga
233	Skeljaleifar í Kaldrana í Saurbæ. Saurbæjarhreppi, Dalasýslu. (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum Ísaldar.	Nokkrar jarðir
245	Lambey og Steindórseyjar Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Steindórseyjar og Lambey á Hvammsfirði ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey. (2)	Stafafell

	Eyjar með fjölbreyttu fuglalífi..	
246	Hrappsey og Klakkeyjar , Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Hrappsey, Skertla, Skarða, Dímunarklakkar, Stekkjarey og Bæjarey. (2) Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð berggerð, anortósit, finnst í Hrappsey..	Hrappsey
247	Rauðseyjar , Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker. (2) Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar.	Rauðseyjar

3.3.2 Þjóðminjaverndarsvæði

Markmið

- Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. [kafla 3.2.10](#).

Leiðir:

- Haldið verði áfram skráningu fornminja á svæðinu.
- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja þær verði skemmdar.

Fjöldi merkra sögu- og þjóðminjastaða eru í Dalabyggð, en ekki hefur þó farið fram sérstök skráning fornminja í tengslum við gerð aðalskipulags. Í dreifbýli er einkum um að ræða ný fristundabyggðarsvæði og endurbætur á vegum, en í þéttbýli ný íbúðarsvæði.

Þjóðminjalög kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða, en skylt er að láta vinna deiliskipulag fyrir allar helstu framkvæmdir, s.s. svæði fyrir íbúðarbyggð ([k. 3.2.1](#)), fristundabyggð ([k. 3.2.8](#)) og iðnaðarstarfsemi ([k. 3.2.4](#)). Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. [kafla 3.2.10](#). Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. [kafla 2.5](#), s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og stærri efnisnámur. Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

Friðlýstar fornleifar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa. Fornleifarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Í þjóðminjalögunum segir að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á”. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).



Mynd 3.5. Eiríksstaðir í Haukadal Ljós. Landmótun

Í töflu hér á eftir eru orðréttir friðlýsingartextar. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Fornleifaverndar ríkisins. Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir býlum eða afréttum og er orðrétt tilvísun í skrána sýnd með skáletri. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem mælikvarði skipulagsuppráttar leyfir.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
DPM-1	Narfeyri á Skógarströnd	Borgardalsrúst, í dalverpi, er Borgardalur heitir, suður í hlíðinni frá Narfeyri, austanmegin við Alptafjörðinn. Þinglýst 1929.
DPM-2	Stóri-Langidalur á Skógarströnd	Leifar hoftóftar (?) fyrir ofan túnið. Hvangarður, svo nefndur, gömul girðing suður í túninu. Þinglýst 1929.
DPM-3	Valshamar á Skógarströnd	Haþþórsleiði, svo nefnt, í túninu, skammt ofan við bæinn. Þinglýst 1929.
DPM-4	Dunkur í Hörðudal	Smiðjutóft og steðjasteinn fyrir sunnan bæinn. Þinglýst 1931.
DPM-5	Hrafnabjörg í Hörðudal	Rústir lauga í Laugardal; þær eru í grösugum hvammi vestan megin ár þeirrar, sem eftir dalnum rennur. Þinglýst 1931.
DPM-6	Grettisbæli í Sökkólfsdal	Grettisbæli í Sökkólfsdal; það er innsta hluta dalsins, austan megin, á flötu, grasivöxnu þrepi uppi undir efstu brún fjallsins. Þinglýst 1931.
DPM-7	Hundadalur í Suðurdölum	Svo nefnd "Grænatóft" í Hundadalsnesi. Þinglýst 1931.
DPM-8	Oddsstaðir í Suðurdölum	Byggingarleifar og önnur mannvirki, þar sem heitir Þúfa fyrir norðan tún á Oddsstöðum.
DMP-9	Jörfi í Haukadal	Rústaleyfar Valþjófsstaða, að nokkru leyti undir skriðu. Þinglýst 1931.
DMP-10	Saurstaðir í Haukadal	Ferhyrnd girðing á móafles austanmegin ársprænnar fyrir austan Saurstaði. Þinglýst 1931.
DMP-11	Stóra-Vatnshorn í Haukadal	Rústaleyfar Eiriksstaða við landamæri milli Vatnshorns og Skriðukots. Þinglýst 1931.
DMP-12	Fjós við Búðardal	"Fjósatóftir Ólafs pá", sem svo eru kallaðar, fyrir austan bæinn; þær eru tvær, sín hvoru megin við götuna. Þinglýst 1931.
DMP-13	Höskuldsstaðir í Laxárdal	Þorgerðarhóll, eða "haugur Þorgerðar", svo nefndur, í túninu, nokkru utan og neðan við bæinn. Þinglýst 1931.
DMP-14	Kambsnes við Búðardal	Forn tóft, kölluð hoftóft, hjer um bil ferhyrnd. Þinglýst 1931.
DMP-15	Lambastaðir í Lax-	Haugur Þórðar godða í Lambastaðanesi. Þinglýst 1931.

árdal		
DMP-16	Ljárskógar í Laxárdal	<i>a. Hofatóft, svo nefnd, frammi á túninu. b. Kirkjutóft, forn, og kirkjugarður, á slétri flöt fyrir austan bæinn. Þinglýst 1931.</i>
DMP-17	Rútsstaðir (Hrútsstaðir) í Laxárdal	<i>a. Túngirðing forn. b. Uppvið túngarðinn tvær langar tóftir, fornar, er snúa langsum með garðinum. c. Hofatóft fyrir ofan bæinn, einstök, snýr nærfellt austur og vestur. Þinglýst 1931.</i>
DMP-18	Ásgarður í Hvammssveit	<i>Forn girðing í túninu, nefnd "Lögrjéttu". Þinglýst 1931.</i>
DMP-19	Hofakur í Hvammssveit	<i>Forn girðing í brekkunni fyrir ofan bæinn. Þinglýst 1931.</i>
DMP-20	Hvammur í Hvammssveit	<i>a. Forn, aflangur hringur suðvestur á túninu, nefndur "Lögrjéttu". b. Virkisbali, svo nefndur, nál. ferhyrt mannvirki í túninu fyrir ofan og vestan bæinn. c. Rústabunga forn, suður og niður undir túngarði. d. Auðamaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakknum austanmegin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. Þinglýst 1931.</i>
DMP-21	Magnússkógar í Hvammssveit.	<i>"Silfraskógar", tóftir og girðingar, þar sem sagt er að bærinn hafi staðið til forna. Þinglýst 1931.</i>
DMP-22	Skerðingsstaðir í Hvammssveit	<i>a. Auðamaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakknum, austanmegin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. (Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð og er friðlýsingartexti samhljóða liðum d og e fyrir Hvamm).</i>
DMP-23	Sælingsdalur í Hvammssveit	<i>Bollatóftir, svo kallaðar, á Langholti; þær eru á vesturbún holtsins og er brött brekka fyrir neðan, og undir henni lækjardrag, sem rennur í Sælingsdalsá litlu neðar. Þinglýst 1931.</i>
DMP-24	Sælingsdalstunga í Hvammssveit	<i>Forn kirkju- og kirkjugarðsrúst fyrir austan hlaðið á neðri bænum. Þinglýst 1931.</i>
DMP-25	Dagverðarnes á Fellsströnd	<i>Stór grjóthringur, með grjótbungu í miðju, á vinstri hönd við veginn niður að Dagverðarnesi, upp af Saltnesi og beint fyrir neðan Þrivörður. Þinglýst 1931. (Hringurinn er á hægri hönd þegar ekið er niður að Dagverðarnesi).</i>
DMP-26	Ormsstaðir á Fellsströnd	<i>1. Gamlar akurgirðingar í Ekrunum fyrir suðvestan bæinn. 2. Fornlegar tóftir, 2-3 í nánd við akurgirðingarnar. Þinglýst 1931.</i>
DMP-27	Staðarfell á Fellsströnd	<i>a. Leifar eyðibýlisins Ljótstaða í Fellsskógum; þær eru austan undir landamerkjum, innundir lágrí brekku. b. Borgargerði, svo nefnt, (eða Borgugerði), allstór og forn girðing við veginn fyrir austan Staðarfell. Þar með er dálítil rúst í girðingunni. c. Staðarbakkarústir hinar fornu í Flekkudal, á norðurbakka Flekkudalsár inni á miðjum dal. d. Lítil rústabunga er heitir Dyngja, sunnan til í Flekkudal, þar sem heitir á Hólmi. Þinglýst 1931.</i>
DMP-28	Bessatunga	<i>a. Hofatóft á ávölum, falletum hól neðst í túninu austantil. Sbr. Árb. 1897: 15. b. "Blótsteinn", er stendur neðanundir fyrgreindum hól. c. Akurgirðing forn framan í næsta hól, neðst í túninu, vestan til. Sbr. Árb. 1882: 67; Árb. 1897: 15-16; Árb. 1924: 43. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.</i>

DMP-29	Bjarnarstaðir	a. "Hoftóft", svo nefnd, norðvestur á túninu. Sbr. Árb. 1899: 16. b. Tófta þyrping fornleg, fáum föðmum austar en "hoptóftin". Sbr. Árb. 1899: 16. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.
---------------	----------------------	--

Friðuð hús

Í sveitarfélaginu eru nokkur friðuð hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga sem flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.



Mynd 3.6. Snóksdalskirkja

Nr.	Friðlýst hús	Lýsing
1	Narfeyrarkirkja á Skógarströnd	Timburhús reist 1900 upp úr kirkju frá 1889 sem f auk árið 1900. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
2	Skemma í Öxney	Torfhús, sem talið er mjög fornt bænahús að stofni til. Getið er um bænahúsið í máldaga Narfeyrarkirkju 1224 en bænahúsið virðist vera aflagt fyrir 1600 og notað sem skemma síðan. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
3	Grímshjallur í Brokey	Steinhláðinn hjallur talinn reistur í byrjun 18. aldar. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
4	Snóksdalskirkja í Hörðudal	Timburhús reist 1875-1876. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
5	Hjarðarholtskirkja í Laxárdal	Timburhús reist 1904. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
6	Hvammskirkja í Hvammssveit	Timburhús reist 1883-1884. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
7	Staðarfellskirkja á Fellsströnd	Timburhús reist 1891. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
8	Skarðskirkja á Skarðsströnd	Timburhús reist 1914-1916 upp úr kirkju sem f auk 1910 en hún var reist 1847-1848 af viðum gamallar torfkirkju. Við endursmíðina 1914-1916 var kirkjan styttn um eitt sperrubil og settur á hana þaktur. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
9	Staðarhólskirkja í Saurbæ	Timburhús reist 1899. Höfundur Jóakim Guðmundsson forsmiður. Kirkjan f auk 1981 og var endurreist sama ár. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

3.3.3 Verndarsvæði vegna neysluvatns**Markmið:**

- Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nýttavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Áhersla verði lögð á tryggja vatnsgæði í tengslum við matvælaframleiðslu.

Leiðir:

- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grunn- eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði.

Flokkur I. Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Í Dalabyggð er um tugur samveitna og eru brunnsvæði helstu vatnsveitna auðkennd á skipulagsupprætti. Annars staðar eru einkaveitur. Neysluvatnsmál eru víðast í þokkalegu lagi en fremur takmarkaðar rannsóknir liggja þó að baki. Gert er ráð fyrir að dreifbýli Dalabyggðar tengist í ríkara mæli samveitum í framtíðinni. Aðalvatnsból Dalabyggðar eru á Svínadal. Vatnsból samveitna, sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði í flokki I eru eftirfarandi:

Nr.	Flokkur I	Lýsing	Jörð
1	Gröf	Lindasvæði innan við Gröf	Gröf
2	Fellsendi	Áreyrar Reykjadalársár.	Fellsendi
3	Árblik í Suð-urdólum	Lindasvæði í Norðurbrekkum í Kvinnabrekkulandi.	Kvinnabrekka
4	Laugar	Lindasvæði undir Hólum.	Laugar
5	Svínadalur	Samveita frá lindasvæði á Norðurhólum á Svínadal, um 25 km fjarlægð frá Búðardal.	Sælingsdals-tunga
6	Staðarfell á Fellsströnd	Vatnsbólið í skriðu vestan við bæinn.	Staðarfell

7	Tjarnarlundur	Vatnsból í vesturhlíðum Fells.	Tjarnarlundur
8	Brunná	Vatnsból í hlíð ofan bæja og í Brunnárgjá.	Brunná
9	Fóðuriðjan	Vatnsból undir Holtahyrnu.	Ólafsdalur

Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrenslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýra eða gróðurs og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsbóla eru jafnan í fjallshlíðum ofan byggðarinnar og eru auðkennd á skipulagsupprætti.

Flokkur III. Fjarsvæði

Engin vatnsverndarsvæði eru skilgreind í þessum flokki í Dalabyggð.

3.3.4 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Markmið:

- Sveitarstjórn stefnir að því í samráði við heilbrigðisnefnd, að fram fari úttekt á vatnasvæðum, í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999. Síðan verði sett viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.
- Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu verði með viðurkenndar rotprær, sbr. [kafla 3.4.7](#).

Leiðir:

- Hagkvæm lausn verði fundin á frárenslismálum sveitarfélagsins í dreifbýli.
- Að Heilbrigðisnefnd Vestfjarða flokki, í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna og skal sú flokkun vera lokið fyrir 2012.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram með tilliti til strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

SKILGREINING VATNSGÆÐA OG FLOKKUN VATNS

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningar-sögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).

3.3.5 Hverfisverndarsvæði**Markmið:**

- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.
- Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga; vegna náttúruverndar og vegna fornleifa.

Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Nokkur mikilvæg votlendissvæði, heiðalönd og kjarrlendi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs og útivistargildis. Ákvæði hverfisverndar eru þessi:


- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Stefnt er að því að settar verði nánari verndar- og umgengnisreglur um fyrirhuguð hverfisverndarsvæði að Laugum í Sælingsdal og í Reykjadal sem tryggi varðveislu þeirra sem náttúruverndar- og útivistarsvæða. Leitað verði samstarfs við hagsmunaaðila um þessi verkefni.
- Stuðlað verði að varðveislu menningarminja í Ólafsdal sem tengjast fyrsta búnaðarskóla Íslands.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsupprætti er tekið saman í töflum hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
H1	Árgljúfur Skraumu	Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði. Skrauma er laxveiðiá.	Nokkrar jarðir
H2	Hörðudalsá ásamt bökkum	Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði. Hörðudalsá er silungsveiðiá.	Nokkrar jarðir
H3	Ósasvæði Hörðudalsár, Miðár og Hauka-	Sérstætt landslag við ósa ána, lífríkar fjörur og auðugt fuglalíf.	Nokkrar jarðir

dalsár			
	Árnar eru gjöfular laxa- og silungsár.		
H4	Reykjadalur í Suður-dölum	Sérstætt landslag og gróðurfar, kjarlendi. Jarðhiti og gömul sundlaug. Áhugavert útivistarsvæði.	Gröf og Svarfhóll
H5	Laxá ásamt bökkum	Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði. Laxá er rómuð laxveiðiá.	Nokkrar jarðir
H6	Laugar – Krosshólar í Hvammssveit	Sérstætt landslag og jarðmyndanir, áhugavert útivistarsvæði.	Nokkrar jarðir
H7	Flekkudalur á Fells-strönd	Sérstætt gróðurfar og fjöldi söguminja.	Nokkrar jarðir
H8	Dagverðarnes og Arnarbæli	Sérstætt landslag og gróðurfar. Söguminjar.	Dagverðarnes og Arnarbæli
H9	Ólafsdalur í Gilsfirði	Í Ólafsdal eru gömlu skólahús búnaðarskálans ásamt útihúsum. Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi.	Ólafsdalur

Landbúnaðarráðuneytið gaf út í desember árið 2005 út greinargerð og tillögur um Þjóðjarðir. Þar er lagt fram að ákveðnar ríkisjarðir verði áfram þjóðareign skilgreindar sem þjóðjarðir. Um er að ræða jarðir sem hafa sérstaka þýðingu vegna sögu, sérstæðrar náttúru, legu, menningar og minja. Í Dalabyggð flokkast tvær jarðir sem þjóðjarðir, annarsvegar Hvammur í Dölum vegna sögulegs og menningarlegs gildis og hinsvegar Ólafsdalur vegna merkrar sögu staðarins.



DALABYGGÐ
AÐALSKIPULAG 2004 - 2016

**LAUGAR Í SÆLINGSDAL
OG SÆLINGSDALSTUNGA**

- SKÝRINGAR**
-  Lóðir fyrir fristundabyggð
 -  Tjaldstæði
 -  Gólfvöllur, fyrirhugaður
 -  Vegir
 -  Gönguleiðir, stíkaðar
 -  Gönguleiðir, óstíkaðar
 -  Jarðarmörk
- Dag: 20.09.2005

Mynd 3.7. Laugar í Sælingsdal og Sælingsdalstunga, hugmyndir um nýtingu jarðanna fyrir ferðaþjónustu og útivist.



Hverfisverndarsvæði í Reykjadal og við Laugar í Sælingsdal

Í Dölum er gert ráð fyrir að hverfisverndarsvæðin í Reykjadal í Suðurdölum og við Laugar í Sælingsdal njóti vissrar sérstöðu og þar sem þeim er ætlað að gegna mikilvægum hlutverkum sem ferðamannasvæði, þar sem búið er í haginn með tjaldsvæðum, gönguleiðum, reiðleiðum o.fl. Uppbygging og rekstur verði í höndum heimamanna. Í jöðrum hverfisverndarsvæðanna eru frístundabyggðarsvæði sem njóta góðs af nálægð við þá. Sveitarfélagið mun á skipulagstímabilinu sækjast eftir því til Umhverfisstofnunar að þessi svæði verði friðlýst sem fólkvangur.

- Reykjadalur er einn af fyrstu viðkomustöðum í Dölum. Í mynni dalsins er sumarhúsasvæði, en þar fyrir innan er almenningur, með göngu- og reiðlönd. Við sundlaugina verði útbúið vandað tjaldsvæði.
- Að Laugum er gert ráð fyrir að fjallendið ofan skólasvæðisins, Laugafell, Hólafjall ásamt Krosshólaborg verði hluti af fólkvangssvæðinu, [sbr. mynd 5.8](#). Að Laugum er rekið sumarhótel, tjaldsvæði og sundlaug. Unnið er að merkingum gönguleiða að áhugaverðum stöðum. Tilvalið er að tengja svæðið við skipulagðar ferðir á söguslóðir. Ýmsar áhugaverðar reiðleiðir eru í næsta nágrenni, s.s. Þjóðleiðin fram Sælingsdal yfir í Hvammsdal í Saurbæ og út Fellsströnd undir Skoravíkurmúla. Unnið hefur verið deiliskipulag af frístundabyggð í landi Lauga og Sælingsdalstungu. Einnig er í undirbúningi gerð gólfvallar á svæðinu til að renna styrkari stöðum undir ferðapjónustu á svæðinu.

3.3.6 Svæði undir náttúruvá

Markmið:

- Spornað verði við landbroti af völdum sjávangangs með styrkingu og viðhaldi sjóvarnargarða.
- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð.
- Þess verði gætt að íbúðarbyggð og sumarbústaðasvæði verði ekki skipulögð á hættusvæðum
- Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum


Leiðir:

- Spornað verði við landbroti af völdum sjávangangs með styrkingu og viðhaldi sjóvarnargarða ef byggð eða mannvirki eru í hættu.
- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð.

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um svæði undir náttúruvá segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja. Ekki hefur verið gerð úttekt á hættusvæðum í Dalabyggð en ljóst er að svæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða.

NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari. (Sjá einnig gr. 4.18 í skipulagsreglugerð.)



Mynd 3.8. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við Hvammsfjörð. Engin íbúðarbyggð er á hættusvæði vegna sjávarflóða eða árflóða. Á skipulagstímanum er ætlunin að hækka sjóvarnargarð neðan við sláturhúsið í Búðardal.

Ofanflóð

Vitað er um að á ýmsum svæðum er nokkur hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Þekkt snjóflóðasvæði eru í bröttum hlíðum, s.s. á Strandahring (Staðarfellshlíð, Ballararhlíð, Nípuhlíð), Haukadal, Sökkólfsdal og á Svínadal. Ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Dalabyggðar og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007).

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $ag = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hættu er talin á eldvirkni.

Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum.

VEGIR

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar þ.m.t. ólokinni vegagerð skv. úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

Stærð	Gildi	Tilvisun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30m til beqqla hliða frá miðlinu	Vegaíöð
Veghelgunarsvæði tengivega	15m til beggja hliða frá miðlinu	Vegaíöð
Veghelgunarsvæði qatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlinu vegna 40m frá skurðpunkti*	Vegaíöð
Meista hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 dB**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005 **

*Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150m.

**Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlunir. Ný reglugerð er í vinnslu.

Mynd 3.9. Mynd 1. Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu.

(Heimild: Vegagerðin 2007)

3.4 SAMGÖNGUR OG VEITUR**3.4.1 Vegir****Markmið:**

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samþengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Lögð er sérstök áhersla á endurbætur á stofnbraut um Svinadal, Laxárdalsveg og Snæfellsnesveg um Skógarströnd.
- Byggja þarf upp hringleiðir um Hörðudal, Laxárdal og Fellsströnd, vegna mjólkurflutninga og skólaaksturs. Ennfremur vegi að Staðarfelli, að Laugum í Sælingsdal og að Eiríksstöðum í Haukadale.

Leiðir:

- Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög til að stækka atvinnusvæðið og til að bæta möguleika svæðisins á svið ferðaþjónustu. Þar á meðal ný leið um Arnkötuldal með bætri vegtengingu við Hólmavíkursvæðið.
- Aukið verði öryggi vegfaranda á þjóðvegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengibrauta við Vestfjarðarveg.

Vegsamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er víða ekki nógu góðar í sveitarfélaginu. Þjóðvegir á láglandi flokkast í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegum og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. Gönguleiðir á láglandi eru ekki auðkenndar sérstaklega, en fjallað er um helstu gönguleiðir í [kafli 3.4.4](#). Um reiðstíga er fjallað í [kafli 3.4.3](#). Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2010 og þingsályktunartillögu til 2018. Um umferðarmagn í dreifbýli Dalabyggðar má finna í forsenduhefti í [kafli 2.5](#).

Stofnvegir

Á skipulagsupprættum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum og tillögum sveitarstjórnar. Í Dalabyggð eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
60	Vestfjarðavegur	Liggur af Hringvegi hjá Bröttubrekku, Sökkólfssdal, Búðardal og Svinadal.
54	Snæfellsnesvegur	Liggur um Helgafellssveit, Skógarströnd og Hörðudal að Vestfjarðavegi við Stóraskóg. Gert er ráð fyrir færslu vegarins nær sjó á Skógarströnd og Hörðudal vegna snjóalaga, en unnið er að útfærslu vegarins. Einnig er gert ráð fyrir þverun Álfafjarðar. Þverun Álfafjarðar er

	ekki sýnd á uppdrætti enda ekki inni á samgönguáætlun en sveitarstjórn leggur áherslu á að þessi tillaga gæti orðið að veruleika eftir skipulagstímann.
55	Heydalsvegur
	Liggur af Snæfellsvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bildhóls.

Tengibrautir

Haldið verði áfram endurbótum tengibrauta almennt til þess að stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í Dalabyggð. Eftirfarandi tengibrautir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
59	Laxárdalsvegur	Liggur af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal að sýslumörkum á Laxárdalsheiði. Gert er ráð fyrir hringtengingu vega norðan Laxár milli Gillastaða og Lambastaða.
580	Hörðudalsvegur vestri	Liggur af Snæfellsnesvegi að Blönduhlíð.
581	Hörðudalsvegur eystri	Liggur af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli að vegamótum að Vífilsdal.
582	Hálsbæjavegur	Liggur af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalssá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585	Hlíðarvegur	Liggur af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586	Haukadalsvegur	Liggur af Vestfjarðavegi vestsunnan brúar á Reykjadalssárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði endurbættur inn að Eiríksstöðum með tilliti til öryggis vegfarenda.
587	Hjarðarholtsvegur	Liggur af Vestfjarðavegi vestan Búðardal um Hjarðarholt að vegamótum við Spágilsstaði.
588	Gillastaðavegur	Liggur af Laxárdalsheiði að vegamótum að Sámsstöðum.
589	Sælingsdalsvegur	Liggur af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590	Klofningsvegur	Liggur af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593	Efribýggðarvegur	Liggur af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum þannig að hann nýtist sem hringleið á ársgrundvelli.
594	Staðarhólsvegur	Liggur af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.

FLUGVELLIR

Flugvellir flokkast í flugvelli og flugbrautir. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

REIÐSTÍGAR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir. Að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum og þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðir upp, en auk þeirra eru aðrar reiðleiðir sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

Safnbrautir og einkavegir

Helstu vegir í þessum flokki eru heimreiðar að einstökum bæjum og eru flestar þeirra sýndar á skipulagsupprætti. Vegir í þessum flokki eru ekki sýndir til staðfestingar heldur settir fram til skýringar á upprætti.

3.4.2 Flugvellir**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að flugvöllur á Kambsnesi geti áfram nýst til sjúkraflugs.

Leiðir:

- o Stuðlað verður að bættu viðhaldi flugvallarinnar til að hann geti þjónað sjúkraflugi.

Í Dalabyggð er ekki flugvöllur fyrir farþegaflug en á Kambsnesi við Búðardal er völlur sem hefur m.a. verið notaður fyrir sjúkraflug. Völlurinn er 800 m langur og 24 m breiður malarvöllur í 131 feta hæð og ber einkennisstafina BIBR.

3.4.3 Reiðstígar**Markmið:**

- a. Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- b. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminjum.

Leiðir:

- o Áfram verði unnið að því að færa reiðleiðir frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- o Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við félag hestamanna og Vegagerðina.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Góðar reiðleiðir eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í Dalabyggð. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, Hestamannafélagið Glað og Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.

Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra. Yfirlit yfir reiðstíga í Dalabyggð er sýnt á þemaupprætti í [kafla 3.5](#).

GÖNGUSTÍGAR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

3.4.4 Göngustígar**Markmið:**

- Stuðlað verði að almennri útivist í Dalabyggð og stutt við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir::

- Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu. Helstu gönguleiðir að Laugum í Sælingsdal og nágrenni eru sýndar á skýringarmynd í [kafla 3.5](#).

3.4.5 Vatnsveita**Markmið:**

- Stefnt er að því að öll byggð í Dalabyggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir::

- Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar
- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Nokkrar samveitur eru á svæðinu og um vatnsból og vatnsverndarsvæði er fjallað í [kafla 3.3.3](#).

3.4.6 Hitaveita**Markmið:**

- Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í Dalabyggð njóti hitaveitu.

Leiðir::

- Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í Dalabyggð.*

Hitaveita Dalabyggðar er stærsta veitan í sveitarfélaginu sem nýtir vatn í Reykjadal sem er leitt í Búðardal. Flest býli á veituleiðinni tengjast veitunni. Auk þess er hitaveita á Laugum í Sælingsdal sem nýtt er til upphitunar alls húsnæðis og í sundlaug.

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

3.4.7 Fráveita**Markmið:**

- Stefnt er að því að öll byggð í Dalabyggð verði tengd viðurkenndum rotþróum fyrir árið 2010.

Leiðir:

- Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins í dreifbýl í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og verði því verki loknu fyrir lok skipulagstímabilsins.

Viðurkenndar rotþrær eru við nær flesta bæi og sumarhús í dreifbýlinu. Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu verði tengd viðurkenndum rotþróum á næstu árum (2010). Um fráveitu í Búðardal er fjallað í kafla 4.14.

3.4.8 Rafveita**Markmið:**

- Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.
- Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir sem eru 33 kV og lægri spennu verði settar í jörð.

Leiðir:

- Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

Rafmagnsveita ríkisins er dreifiaðili raforku í sveitarfélaginu. Allir bæir eru tengdir dreifikerfi RARIK. Spennistöðvar eru við Glerárskóga. Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

- 66 kV línur 25 m.
- 132 kV 35-45 m.
- 220 kV 65-85 m.

Heiti línu	Lýsing
Geiradalslína 1, 132 kV	Línan liggur frá Glerárskógum yfir Sælingsdalsheiði yfir í Geiradal.
Glerárskógalína, 132 kV	Línan liggur frá Glerárskógum yfir Glerárskógafjall, Laxárdalsheiði að Hrutatungu í Hrutafirði.

FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

3.4.9 Fjarskipti**Markmið:**


- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi hvarvetna í Dalabyggð.

Leiðir:

- Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Endurvarpstöðvar og sendar eru heimilaðar á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum eða almennt þar sem þurfa þykir. Endurvarpsstöðvar útvarps og sjónvarps eru á Kamsnesi við Búðardal og á Fellsenda, Fremra-Hundadal. Ljósleiðari Símans liggur í gegnum Dalabyggð um Laxárdalsheiði, Búðardal og Svínadal. Ljósleiðaratenging er í Búðardal sem m.a. hafa gefið möguleika á fjarkennslu.

Kort I. LANDBÚNAÐUR og SKÓGRÆKT



SKÝRINGAR


- Landbúnaðarsvæði < 200 m y.s
- Landbúnaðarsvæði > 200 m y.s
- Skógrækt tengd Vesturlandsskógum
- Jarðamörk



DALABYGGÐ

Aðalskipulag 2004 - 2016

Kort II.
Ferðabjónusta og
frístundabyggð



SKÝRINGAR

- Hótel
- Gististaðir
- ▲ Tjaldsvæði
- Sumarhúsvæði
- Veiðihús


0 5km 10km

Dags. des.08 LANDMÖTUN.

DALABYGGÐ

Aðalskipulag 2004 - 2016

Kort III.
SAMGÖNGUR



SKÝRINGAR


- Stofnvegir, bundið slitlag
- Stofnvegir, mól
- Tengivegir
- Flugbrautir
- Smábátastaða

Dags. des.08 LANDMÖTUN.


DALABYGGÐ

Aðalskipulag 2004 - 2016

Kort IV
REIÐLEIÐIR



SKÝRINGAR

-  Megin reiðleiðir
-  Aðrar reiðleiðir
-  Riðið um akvegi
- 16a Númer reiðleiða


Dags des.08 LANDMÖTUN

4. ÞÉTTBÝLIÐ Í BÚÐARDAL

4.1 INNGANGUR

Aðalskipulag þetta er að hluta til endurskoðun gildandi aðalskipulags sem staðfest var árið 1969. Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um þéttleika byggðar á landnotkunarsvæðum.

4.2 MEGINMARKMIÐ

Hér á eftir fara sérstakar áherslur í hverjum málaflokki sem eiga við þéttbýlið í Búðardal. Sum þessara markmiða eru sambærileg markmiðum fyrir Dalabyggð í heild (umhverfi, félagsþjónusta) en önnur eru sértæk vegna mismunandi áherslna í þéttbýli.

Búseta og byggð

Styrkja þarf þéttbýlið í Búðardal. Lögð er áhersla á að bærin myndi samfellda byggð með þungamiðju verslunar og þjónustu á miðsvæði. Stefnt er að heildstæðum og fallegum íbúðahverfum í góðum tengslum við útivist og þjónustu. Yfirbragð byggðarinnar skal taka mið af náttúrulegu umhverfi sínu.

Atvinnulíf

Stefnt er að Búðardalur geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu Búðardals sem tengist framleiðslu landbúnaðarafurða. Stefnt er að eflingu atvinnugreina tengdum ferðaþjónustu og útivist, þannig að Búðardalur verði eftirsóttur staður fyrir ferðamenn.

Félagsþjónusta

Lögð er áhersla á að uppeldis-, félags- og menningarleg sjónarmið endurspeglast í skipulagi bæjarins.

Umhverfi

Sveitarfélagi hefur það að markmiði að þróun og uppbygging bæjarfélagsins taki mið af Staðardagskrá 21. Lögð verður áhersla á að uppfræða almenning og hvetja til þátttöku í endurbótum á umhverfi bæjarins.

Samgöngur

Við skipulag umferðarkerfis er stefnt að því að auka öryggi akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda. Lögð er áhersla á einfalt og öruggt gatnakerfi sem stuðlar að lágmarks mengun. Lögð verði áhersla á öruggar gönguleiðir til og frá skóla.

4.3 ÍBÚÐARSVÆÐI

Markmið:

- Stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar, einkum í Hvömmum og Brautum.
- Íbúðarbyggð þróist til suðurs vestan Vesturbrautar og verði í góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.
- Sunnan Búðardals er gert ráð fyrir rúmum lóðum undir smábýli.
- Ekkert dýrahald verði vestan Vesturbrautar frá Sunnubraut að Laxá vegna matvælaíðnaðar.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.


Landþörf og þéttleiki byggðar

Á skipulagsupprætti eru rúmlega 12 ha lands teknir frá fyrir nýja íbúðarbyggð í Búðardal. Á núverandi byggingarsvæðum eru um 12 óbyggðar lóðir. Á síðari hluta skipulagstímans (og eftir lok hans) er gert ráð fyrir að ný íbúðarbyggð þróist til suðurs sunnan Hvamma. Gert er ráð fyrir að þörf sé fyrir 2-3 íbúðir á ári sem getur samsvarað 2-3% árlegri fjölgun í Búðardal. Ef miðað er við þróun síðustu ára, þar sem uppbygging hefur verið mikil síðastliðin ár, þá má vænta að þörf sé fyrir fleiri íbúðir.


Götur	Óbyggðar lóðir
Stekkjarkjarmmur	2
Lækjarkjarmmur	3
Bakkahvammur	3
Borgarbraut	1
Búðarbraut	2
Gunnarsbraut	1
Samtals	12

Gert er ráð fyrir að byggðin verði þéttust í og við miðbæinn, svo og við þjónustuæðar, s.s. aðalaðkomu inn í bæinn. Gert er ráð fyrir hóflega þéttri byggð á nýjum íbúðarsvæðum sem náð verður fram með blöndun mismunandi húsagerða. Næst núverandi byggð og á auðum lóðum innan eldri byggðar skal virða einkenni og yfirbragð þeirrar byggðar sem fyrir er.

Í íbúaspám er miðað við **0,5-1%** árlegri fjölgun á skipulagstímanum. Gera má ráð fyrir eitthvað meiri fjölgun í þéttbýlinu heldur en í Dalabyggð í heild eða allt að **2-3%** á ári. Samkvæmt þessum spám verður framreiknaður íbúafjöldi í Dalabyggð árið 2016 á bilinu 670-710 manns (var 631 1. desember 2004).



Mynd 4.1. Ný íbúðarsvæði skv. skipulagi



Mynd 4.2. Ný íbúðarsvæði í Búðardal skv. skipulagi

Ný íbúðarsvæði

Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð þróist til suðurs. Skilgreind eru 3 ný íbúðarsvæði sunnan Brekkuhvamms sem munu hafa tengingu við Bakkahvamm. Bakkahvammur verður skilgreindur sem tengivegur, sem mun tengjast Vesturbraut á mótis við Hesthúsasvæðið. Svæðin eru samtals um 6 ha að stærð og þar er rými fyrir um 68-74 íbúðir eins og kemur fram í töflu hér á eftir:

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A	2,3	18-20
Svæði B	1,6	10 - 12
Svæði C	4,7	40-42
Samtals	8,6 ha	68-74

Stórar lóðir

Gert er ráð fyrir rúmgóðum íbúðarlóðum sem eru 0,5-1 ha að stærð á suðurjaðri þéttbýlis í Búðardals, sunnan Bakkahvamms. Fjöldi lóða á þessu svæði gæti orðið á bilinu 6-12. Aðkoma að lóðunum verður um nýja tengingu við Vesturbraut.

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði D	6,0	6-12
Samtals	6,0 ha	6 lóðir

4.4 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Þjónustustofnun getur m.a. verið skóli, leikskóli, heilsugæslustöð og kirkjustaður.



Mynd 4.3. Þjónustustofnanir í Búðardal skv. skipulagi

Markmið:

- Grunnskóla- og leikskólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtast þannig sem útivistarsvæði. Stuðlað verði að aukinni þjónustu (hjúkrunardeild) við dvalarheimilið í Silfurtúni og styrkingu á stöðu Heilsugæslustöðvarinnar. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum. *Leiðir:*

- Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi verð að þjónustustofnunum..

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Lóðir Heilsugæslunnar og stjórnsýsluhússins eru hluti miðsvæðis í Búðardal. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru í Búðardal:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Grunnskólinn í Búðardal	Starfsemi Grunnskóla Dalabyggðar er á um 2,9 ha lóð við Miðbraut. Svæðið nær einnig yfir lóð Dalabúðar sem hefur í vaxandi mæli verið nýtt í þágu skólastarfs. Leikskólinn í Búðardal nýtir einnig aðstöðu í skólanum.
S2	Dvalarheimilið Silfurtún	Dvalarheimili aldra ásamt íbúðarlóðum í tengslum við heimilið. Gert er ráð fyrir að dvalarheimilið geti stækkað innan lóðarinnar, sem er um 1,9 ha að stærð.
S3	Heilsugæslustöðin í Búðardal	Á lóðinni er Heilsugæslustöðin í Búðardal. Stærð lóðar er um 0,3 ha.
S4	Leifssafn	Lóð Leifssafns við Ægisbraut. Stærð svæðis er um 0,5 ha.

MÍÐSVÆÐI

Á miðsvæði er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar öllu sveitarfélaginu, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði og íbúðarbyggð á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.4 í skipulagsreglugerð).



Mynd 4.4. Stjórnýsluhúsið við Miðbraut Ljós. Landmótun

4.5 MÍÐSVÆÐI (MÍÐBÆJARSVÆÐI)**Markmið:**

- Miðbæjarsvæði Búðardals skal þjóna öllu sveitarfélaginu sem miðstöð menningar, stjórnýslu og verslunar.
- Styrkja þarf miðbæinn með því að tengja saman stjórnýsluhúsið, grunnskólasvæðið og Dalabúð í heildstæðan kjarna.
- Stefnt er að því að miðbærinn fái sérstöðu í bæjarmyndinni þar sem áhersla verður lögð á þéttari byggð, skjól- og rýmismyndun.
- Beina skal allri verslun og þjónustu á miðbæjarsvæðið til að hraða uppbyggingu þess.

Leiðir:

- Sveitarfélagið sjái fyrir nægu framboði lóða á miðsvæðissækna starfsemi.

Afmörkun miðsvæðis


Miðbæjarsvæði er skilgreint tiltölulega þröngt við Miðbraut og Vesturbraut. Á miðsvæðinu eru stjórnýsluhús (sveitarstjórn, sýslumaður, héraðsskjalasafn), félagsheimili, banki, pósthús, verslanir, heilsugæsla og gistiheimili.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
M1	Stjórnýslureitur við Miðbraut	Á svæðinu er ráðhús Dalabyggðar, banki og gistiheimili. Stærð svæðis er um 0,6 ha.
M2	Vesturbraut	Á svæðinu er Póstur og sími og hárgreiðslustofa. Stærð svæðis er um 0,4 ha.

Nýtingarhlutfall á miðsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.5 í skinnulagsræningræði)



Mynd 4.5. Verslunar- og þjónustusvæði og miðsvæði í Búðardal

4.6 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúnum iðnaðarlóðum með Vesturbraut og eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.

Leiðir:

- Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi.

Á skipulagsuppdraetti fær verslunar- og þjónustusvæði gulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Dalakjörstreitur við Vesturbraut	Á svæðinu er Dalakjör, blómabúð, upplýsingamiðstöð, trésmíða ofl. Stærð svæðis er um 2,5 ha.
V2	Þjónustuhús við Vesturbraut	Á svæðinu er gert ráð fyrir þjónustuhúsi sem tengist tjaldsvæði og smáhýsasvæði á Fjósatúni. Stærð svæðis er um 1,4 ha.
V3	Þjónustusvæði við Vesturbraut	Á svæðinu er gert ráð fyrir áframhaldandi þjónustustarfsemi. Stærð svæðis er um 0,2 ha.
V4	Hótel við Hvammsfjörð	Á svæðinu er gert ráð fyrir hótélbyggingu. Stærð svæðis er um 0,7 ha.

Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

4.7 ATHAFNASVÆÐI

Markmið:

- Stefnt er að fjölbreyttu framboði athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum í matvælaframleiðslu góðar umhverfisaðstæður.

Leiðir:

- Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit á skipulagsuppdraetti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Vegagerðarreitur við Vesturbraut	Á svæðinu er Vegagerðin, og nokkur iðnfyrirtæki. Stærð svæðis er um 1,9 ha.

Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3-0,6.

4.8 IÐNAÐARSVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins.
- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi í Búðardal.

Leiðir:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins
- Hafin verði markviss leit að iðnfyrirtækjum sem hægt væri að koma á fót á svæðinu eða kaupa og flytja á svæðið.
- Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.
- Að fullvinna afurðir sem nýtt er af svæðinu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Afurðastöðin í Búðardal	Afurðastöðin er á 1,1 ha lóð við Búðarbraut.
I2	Mjólkurstöðin Búðardal	Mjólkurstöðin er á 2,2 ha lóð við Brekkuhvam. Gert er ráð fyrir að starfsemi stöðvarinnar geti vaxið innan lóðarinnar.
I3	Flokkunarsvæði fyrir sorp	Svæði við Vesturbraut. Sorpsamlag Vesturlands flytur heimilissorp út af svæðinu, sem er urðað í Borgarfirði. Stærð svæðis er um 1,6 ha.
I4	Nýtt iðnaðarsvæði við Vesturbraut	Tekið verði frá svæði undir lóðir fyrir iðnaðarstarfsemi norðan við núverandi iðnaðarsvæði við Vesturbraut. Stærð svæðis er um 2,1 ha.

Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,5.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun, í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum veitustöðvum, skólpadælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð)



Mynd 4.6 Mjólkurstöðin í Búðardal Ljós. Landmótun

4.9 FRÍSTUNDABYGGÐARSVÆÐI

Markmið:

- Tekið verði frá svæði fyrir frístundabyggð norðan byggðar sem nýtur góðs af þjónustu í Búðardal.


Leiðir:

- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Svæði norðan byggðar	Norðan þéttbýlis í Búðardal er ert ráð fyrir 6-8 lóðum undir frístundabyggð á um 8,2 ha svæði. Aðkoma að svæðinu verður norðan byggðarinnar.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).



Mynd 4.7 Frístundabyggð við Búðardal

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).



Mynd 2.8 Hafnarsvæðið í Búðardal

Ljós. Landmótun

4.10 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Markmið:

- Bæjarbúum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs.
- Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.
- Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæðis í Búðardal.
- Eflað verði smábátaaðstaða í Búðardal.

Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæðis í Búðardal sem og annarra opinna svæða.

Stærstu opnu svæðin til sérstakra nota mynda samfelldan útivistarvef eru annarsvegar ofan byggðar með hesthúsabyggð og golfvelli og hinsvegar samfelld opið svæði í við grunnskólann þar sem er að finna tjaldsvæði og samliggjandi útivistarsvæði neðan í dalnum sem tengist síðan íþróttasvæði norðan Miðbrautar

Opin svæði til sérstakra nota eru eftirfarandi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
01	Hesthúsasvæði austan Vesturbrautar	Gert er ráð fyrir nýjum skeiðvelli og fjölgun hesthúsa í allt að 13 hús skv. fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 14,6 ha.
02	Smáhýsa- og húsbílasvæði á Fjósatúni	Tekið frá 4,2 ha svæði á Fjósatúni fyrir ferðþjónustu. Þar er gert ráð fyrir svæði fyrir smáhýsi, húsbíla og tjaldsvæði. Svæðið er í góðum tengslum við Dalabúð.
03	Tjaldsvæðið við Grunnskólann	Tjaldsvæði ásamt aðliggjandi gróðursvæðum, tengist útivistarsvæði neðar í dalnum. Stærð svæðis er um 0,6 ha.
04	Útivistar- og skógræktarsvæði	Almennt útivistarsvæði með skógrækt. Stærð svæðis er um 3,9 ha. Ennfremur er gert ráð fyrir skólagörðum á svæðinu í tengslum við grunnskólann.
05	Íþróttasvæðið í Búðardal	Íþróttasvæðið er neðan Dalbrautar og Miðbrautar og er um 4,9 ha að stærð. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.
06	Víkingaþorp við Leifssafn	Á landfyllingunni norðan Leifssafns og neðan Búðarbrautar er gert ráð fyrir svæði fyrir víkingaþorp og hugsanlega gistirými í smáhýsum. Áhugavert svæði við Hvammsfjörð í tengslum við smábátasvæði, safnahús og Dalabúð. Einnig er gert ráð fyrir að gömul aðflutt hús verði á svæðinu. Stærð svæðis er um 1,5 ha.
07	Skógræktarsvæði norðan byggðar	Skógræktarsvæði við norðurjaðar byggðarinnar. Stærð svæðisins í heild er um 8,3 ha og er beggja vegna Vestfjarðavegar.
08	Smábátasvæði	Smábátasvæði neðan við Leifssafn í Búðardal.
09	Leiksvæði við stjórnsýsluhúsið	Leiksvæði á bak við stjórnsýsluhúsið, stærð um 0,2 ha. Þarna er gert ráð fyrir bekkjum og gróðri.
010	Golfvöllur	Á hluta Fjósatúns er golfvöllur á um 8 ha svæði.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).

4.11 ÓBYGGÐ SVÆÐI**Markmið:**

- Unnið verði að því að nýta sem best útivistarmöguleika sem nágrenni Búðardals býður upp á.
- Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Búðardals.

Leiðir:

- Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Búðardals.
- Gönguleiðarkerfi skv. tillögu í aðalskipulagi verði byggt upp.

Byggðin í Búðardal er umlukin opnum svæðum sem eru áhugaverð til ræktunar og útivistariðkunar. Almennigur á greiðan aðgang að strönd Hvammsfjarðar og árbökkum Laxár og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

4.12 ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Ekki hefur farið fram skráning á fornminjum í Búðardal. Gert er ráð fyrir að í tengslum við deiliskipulag nýrra byggingarsvæða, s.s. íbúðarsvæða, frístundabyggðar, iðnaðarsvæða og vegagerð fari fram skráning á fornminjum.

Að öðru leyti er vísað í [kafla 3.3.2.](#) um þjóðminjavernd.


4.13 SAMGÖNGUR**Markmið:**

- Lögð skal áhersla á heilsteypt umferðarkerfi sem tengir íbúða- og atvinnuverfi saman á skilvirkan og öruggan hátt.

Leiðir:

- Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.
- Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjólréiðastígum með það að leiðarljósi að þeir tengist atvinnu- og útivistarsvæðum.
- Umferðaröryggi gangandi vegfarenda verði bætt með hraðatakmarkandi aðgerðum á Vesturbraut við útjaðra byggðarinnar.

Flokkun gatnakerfis bæjarins miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti.



Mynd 4.9. Ægisbraut, - tengivegur í Búðardal. Ljós. Landmótun

Samkvæmt umferðartölum frá Vegagerðinni frá árinu 2000 til 2005 þá hefur umferð um Vesturbraut á milli Brekkuhvamms og Sunnubrautar aukist um 13% frá því að vera 855 bílar á dag árið 2000 í það að vera 974 bílar á dag árið 2006, miðað við árdagsumferð sem er meðaltalsumferð á dag yfir árið. Búast má við aukinni umferð um Vesturbraut með auknum ferðamannastraumi sem og auknum íbúafjölda á skipulagstímanum.

Búast má við aukinni umferð um svæðið miðað við umferðarspár Vegagerðarinnar um þjóðvegi landsins með auknum ferðamannastraumi, íbúafjölda og aukinni bílaeign á skipulagstímanum en sú spá gerir ráð fyrir 1-2% árlega umferðaraukningu.⁵

Hávaðamæling hefur ekki verið gerð enda uppfylla umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði *reglugerðar um hávaða nr. 933/1999*, um það að gerð skuli hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári (og að gerð slíks korts skuli vera lokið eigi síðar en 30 júní 2012). Sé miðað við að árleg aukning sé um 2% ári þá mun umferð á þessu svæði vera í kringum 780 þús. bifreiðar árið 2045.

Stofnvegir

Stofnvegurinn Vesturbraut/Vestfjarðavegur er innan þéttbýlisins í Búðardal. Ekki er gert ráð fyrir flutningi vegarins, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda, einkum í námunda við gatnamótun við Miðbraut.

Tengivegir

Tengivegir eru aðalumferðargötur bæjarins. Þær tengja aðliggjandi bæjarhluta innbyrðis og við stofnvegakerfið. Uppbygging tengibrauta mun fylgja uppbyggingu aðliggjandi hverfa. Tengibrautir í Búðardal eru Miðbraut, Sunnubraut, Búðarbraut, Ægisbraut og Brekkuhvammur. Þá er gert ráð fyrir að Bakkahvammur verði tengivegur sem tengist Vesturbraut þegar suðursvæðið fer að byggjast.

Safnvegir

Safngötur eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis fyrir sig og eru þær sýndar til skýringar á skipulagsupprætti. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Uppbygging safngatna mun fylgja uppbyggingu íbúðarhverfa og lega þeirra ákvarðast nánar í deiliskipulagi.

Göngu- og hjólreiðaleiðir

Skilgreint er stofnkerfi göngustíga innan byggðar og hvernig stígakerfi tengist jaðarsvæðum byggðarinnar. Útivistarstígar liggja um óbyggð svæði, útivistarsvæði bæjarins og utan byggðar. Útfærsla þeirra og vetrarviðhald fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

⁵ Vegagerðin 2008.

Reiðleiðir

Umfangsmikið net reiðstíga liggur um sveitarfélagið og tengist hesthúsahverfinu sunnan byggðar í Búðardal. Reiðleið liggur austan Vesturbrautar og byggðar í Búðardal.

4.14 VEITUR

Hitaveita

Öll byggð í Búðardal er tengd hitaveitu Dalabyggðar sem nýtir borholur í Reykjadal. Stofnæð hitaveitunnar er auðkennd á skipulagsupprætti.

Fráveita

Frá Búðardal liggja tvær frárennislagnir út fyrir stórstraumsfjöru (færa á yfirfallslögn út fyrir varnargarð við fyllingu). Stofnæðar eru auðkenndar á skipulagsupprætti.

Að öðru leyti er fjallað um veitur í [kafla 3.4](#).

7. HEIMILDIR

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Dalabyggð 2003: Stefnumótun,

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa.

Gallup 2003: Könnun yfir ferðavenjur á Vesturlandi.

Haraldur L. Haraldsson 1998: Dalabyggð, stöðumat og framtíðarsýn, 29 bls.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Lög um vernd Breiðafjarðar 54/1995.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri 2004: Sameining sveitarfélaga á Vesturlandi, könnun meðal íbúa, 23 bls.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.
Samgöngur á nýrri öld.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 2001: Byggðamál, vangaveltur, 18 bls.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 2004: Sameining sveitarfélaga á Vesturlandi, 34. bls.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 2004: Almenningsamgöngur á Vesturlandi, 20 bls.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Sveitarfélög í Dalasýslu og Reykhólahreppur 1996: Svæðisskipulag Dalasýslu og A.- Barðastrandarsýslu 1994-2012.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls.

Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004

Vefsíður:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Breiðafjarðarnefnd: www.breidafjordur.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi: www.ssv.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Suðurlandsskógar: www.sudskogar.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Vesturlandsvefurinn: www.vesturland.is

www.travelnet.is

VIÐAUKAR**Umhverfisviðmið**

Til að meta áhrif skipulagsins á umhverfisþættina eru notuð umhverfisviðmið. Viðmiðin geta verið stefna varðandi viðkomandi umhverfisþátt sem fram kemur í t.d. lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum eða stefnumótun stjórnvalda. Einnig geta óskir og væntingar íbúa verið viðmið t.d. niðurstöður íbúabings. Í töflum 1-5 eru gefin dæmi af umhverfisþáttum og hvaða viðmið voru notuð til að meta áhrifin á umhverfisþáttinn.

Tafla 1. Náttúru- og menningarminjar, land

Umhverfisþættir og undirþættir	Umhverfisviðmið	Heimild	
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> • Friðlýstar fornleifar • Aðrar fornleifar, sbr. fornleifaskrán-ingu fyrir svæðið • Hverfisvernd • Önnur menningarverðmæti 	Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins. Stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.	Þjóðminjalög (PL)
		Að tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.	Skipulags- og byggingarlög.(SBL)
Náttúruminjar og land	<ul style="list-style-type: none"> • Friðlýst svæði • Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd • Hverfisvernd • Aðrar náttúruminjar 	Tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	Lög um náttúruvernd (Ln)
		Jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd s.s eldvörp, gervigígar og eldhraun.	Ln

Tafla 2. Landslag og ásýnd

Umhverfisþættir og undirþættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Náttúrulegt landslag Menningarlandslag	Megin landslagseinkenni svæðis, heildarsvipmót.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (L Sk)
	Fjölbreytileiki landslags og andstæður í landslagi.	L Sk
	Sérstaða/fágæti og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.	L Sk
	Saga/sögulegt gildi.	L Sk

Tafla 9. Vistkerfi

Umhverfisþættir og undirþættir	Umhverfisviðmið	Heimild	
Líf í vatni Líf í sjó Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> Vistgerðir og/eða búsvæði Gróður og dýr 	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	Ln
		Tegundir sem verndaðar eru samkvæmt lögum, eru á valista, eru einkennis tegundir eða mikilvægar á svæðis- lands, eða heimsvísu. Önnur svæði mikilvæg fyrir dýr og/eða plöntur s.s. svæði þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil eða svæði sem liggja nærri byggð.	L Sk.
		Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa.	Velferð til framtíðar. (Vft)
		Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum verði haldið í lágmarki.	Vft
	<ul style="list-style-type: none"> Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær amnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn yfstrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum. Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnun sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnun í friðlýstum æðarvörpum. Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu. Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta 	19 gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	

		Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni. Heimilt er þó að veita landeiganda upplýsingar um arnarheiður á landareign hans og öðrum sem er nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. vegna mannvirkjagerðar í almannapágu	
--	--	--	--

Tafla 3. Vatn, sjór, andrúmsloft og veðurfar

Umhverfispættir og undirpættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Yfirborðsvatn Grunnvatn Sjór/strandsvæði	<ul style="list-style-type: none"> • Vatnsgæði • Vatnsflæði/ vatnsbúskapur 	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.	Ln
		Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskigengd eða útivistargildi.	Vtf
		Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn.	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (Rvgmv)
Andrúmsloft og veðurfar, hnattrænt og staðbundið	<ul style="list-style-type: none"> • Veðurfar • Loftgæði • Gróðurhúsa-lofttegundir 	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti.	Reglugerð um loftgæði (RI)
		Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði haldið undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Loftmengun af völdum iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Vft

Tafla 4. Heilsa og öryggi

Umhverfispættir og undirpættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> • Heilsufar íbúa • Óþægindi, áreiti • Samfélagsöryggi 	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhaldið verði þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu loft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarra starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Vft
		Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem koma fram í reglugerð um hávaða.	Reglugerð um hávaða (Rh)
		Umferðaröryggi.	

Tafla 5. Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfisþættir og undirþættir	Umhverfisviðmið	Heimild	
Efnahagur og atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"> • Staðbundið • Þjóðhagsleg 	Efnahagslegur kostnaður vegna umferðaslysa og afleiðinga þeirra.	
Félagslegt umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • Útivist og tómstundir • Samgöngur 	Að þróun byggðar og landnotkunar verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna að leiðarljósi.	Sbl
		Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.	Vft

Útlistun hugtaka

Greinargerð aðalskipulags er ekki síður ætluð almenningi en þeim sem fást við skipulagsmál, hún þarf því að vera aðgengileg og auðskilin. Í ljósi þess er ástæða til að setja fram stuttar skilgreiningar á nokkrum hugtökum tengdum skipulagsmálum.

Aðalskipulagsáætlun: Áætlun sem sett er fram í *Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018* þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun sveitarstjórnar Reykhólahrepps í skipulagsmálum.

Byggingarleyfi: Samþykki sveitarstjórnar til að byggja, breyta og rífa hús eða önnur mannvirki. Ýmis mannvirkjagerð er þó undanþegin byggingarleyfi sé ekki um varanlegar húsbyggingar að ræða, t.d. mannvirkjagerð í tengslum við samgöngur, veitur og virkjanir. Flestar framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi eru háðar framkvæmdaleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu *framkvæmdaleyfi* að neðan).

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Deiliskipulag á að taka mið af aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.

Einkavegir: Vegir sem ekki teljast til þjóðvega. Veghald einkavega getur t.d. verið í höndum einstaklinga, félagasamtaka eða sveitarfélags.

Fornleifar: Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja fornra mannvirkja og annarra minja sem gerðar hafa verið af manna völdum. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa og eru því friðaðar.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til einstakra framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæði skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu *byggingarleyfi* að ofan). Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Helgunarsvæði: Svæði meðfram þjóðvegum og veitum (vatns-, hita-, raf- og fjarskiptaveitum) þar sem ekki má staðsetja mannvirki nema með sérstöku leyfi.

Hverfisvernd: Vernd sem getur hvort tveggja tekið til mannvirkja og náttúru sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hverfisvernd telst ekki vera lögformleg friðun.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, s.s. undir íbúðarbyggð, frístundbyggð, atvinnustarfsemi, samgöngur, veitulagnir, útivist og náttúruvernd.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit. Dæmi um landnotkunarflokka eru svæði fyrir íbúðir, þjónustu, iðnað, landbúnað og frístundabyggð.

Landnotkunarreitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landsvegir: Vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta, vegir innan þjóðgarða, og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Mat á umhverfisáhrifum: Ferli þar sem metin eru þau áhrif sem tiltekin framkvæmd munu hafa á umhverfi. Umhverfisáhrifin skulu metin áður en framkvæmd hefst. Matsskyld framkvæmd: Framkvæmd sem er þess eðlis að framkvæmdaraðila ber skylda til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum áður en sótt er um framkvæmdaleyfi.

Umhverfismat áætlana: Verklag eða aðferð við áætlanagerð sem er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun. Í umhverfismati áætlana er lagt mat á umhverfisáhrif þeirra stefnu sem viðkomandi áætlun felur í sér. Matið er sett fram í umhverfisskýrslu, sem verður hluti af eða fylgiskjal viðkomandi áætlunar. Að matinu skal vinna í samráði við hagsmunaaðila og umhverfisskýrsla skal lögð fram til opinberrar kynningar. Umhverfismatið er á ábyrgð þess sem ber ábyrgð á viðkomandi áætlun og skal unnin samhliða.

Matsskýrsla: Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu. Meiri háttar framkvæmdir: Framkvæmdir sem vegna eðlis eða umfangs hafa veruleg áhrif á umhverfið. Það á til að mynda við um framkvæmdir sem þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum.

Mengun: Efni, efnasambönd, örverur og eðlisfræðilegir þættir sem valda skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun getur einnig tekið til hávaða, ólyktar, geislunar, varmaflæðis og titrings.

Mótvægisáðgerðir: Áðgerðir sem beitt er til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Náttúruverndarsvæði: Um þrenns konar verndarsvæði getur verið að ræða; friðlýst svæði, ýmist sem þjóðgarður, friðland, fólkvangur, eða náttúruvætti; svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá; önnur afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar.

Safnvegir: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegir að opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með færri en 200 íbúa.

Sjálfbær þróun: Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Miða skal við að landi sé eigi skilað í verra ástandi til næstu kynslóða en það er nú.

Skipulagsáætlun: Áætlun þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun og markmiðum sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Í greinargerð er lýst þeim forsendum sem liggja til grundvallar skipulagi. Gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og sett fram stefnumörkun um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsreglugerð: Reglugerð nr. 400 frá árinu 1998 um gerð skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð er m.a. fjallað um framsetningu skipulagsáætlana, landnotkunarflokka og skilgreiningar þeirra, skipulagsskilmála og takmarkanir á landnotkun.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í skipulagsáætlun um það hvernig útfæra eigi einstök skipulagsmarkmið.

Skipulagstímabil: Tímabil sem stefnumörkun skipulagsáætlunar nær yfir. Aðalskipulagsáætlun Reykhólahrepps tekur til 12 ára, frá 2006-2018.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur (kort) sem sýnir fyrirhugaða landnotkun sem er í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Stofnvegir: Vegir sem ná til svæða þar sem íbúar eru yfir 1000 og tengja slík svæði saman. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km. Stofnvegir tengja jafnframt þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en 5 km.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Megin tilgangur svæðisskipulags er að ná fram samræmdri stefnu um sameiginleg hagsmunamál á viðkomandi svæði.

Tengivegir: Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, samfélag, heilbrigði, menningu, atvinnu og efnisleg verðmæti; dýr, plöntur og annað í lífríkinu; jarðveg, sjó, vatn, loft og veðurfar, jarðmyndanir og landslag.

Umhverfisáhrif: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið. Talað er um bein og óbein áhrif, jákvæð og neikvæð áhrif, sammöggnuð áhrif, varanleg og tímabundin áhrif, afturkræf og óafturkræf áhrif.

Varnarsvæði: Svæði þar sem skipulags- og byggingarmál heyra undir utanríkisráðherra sbr. ákvæði 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Þéttbýli: Húsabyrping þar sem íbúar eru ekki færri en 50 manns og fjarlægð milli íbúðarhúsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar.

Þéttleiki byggðar: Landnýtingu er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Reikningsstærðir eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha eru gjarnan notaðar.

Þjóðvegir: Vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar. Þeir skulu mynda samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegir greinast í stofnvegi, tengivegi, safnvegi, og landsvegi.